

KYNNINGARSKRÁ 2017

MENNTAMÁLASTOFNUN

2017
KYNNINGARSKRÁ

ISBN 978-9979-0-2149-0
Ritstjórn: Arna Guðríður Skagfjörð
Prófarkalestur: Ingólfur Steinsson
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun
Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

KYNNINGARSKRÁ

Kynningarskrá Menntamálastofnunar hefur að geyma yfirlit yfir námsefni sem stofnunin gefur út, kennslubækur, kennsluleiðbeiningar, vefi, verkefnabækur, hljóðbækur, fræðslumyndir og verkefni til útprentunar.

Höfundar og teiknarar, lesarar, forritarar og aðrir sem hafa komið að námsefnisgerðinni eru ekki tilgreindir í kynningarskránni. Upplýsingar um þá eru að finna á vefnum mms.is við hvern titil og undir hnappnum höfundar og teiknarar.

Kynningarskráin skiptist upp í kafla eftir námsgreinum.

EFNISYFIRLIT

ÍSLENSKA 2
SKRIFT 21
STÆRÐFRÆÐI 22
DANSKA 31
ENSKA 34
NÁTTÚRUFRÆÐI 39
TRÚARBRAGÐAFRÆÐI 48
LIST- OG VERKGREINAR 50
SAGA 57
LANDAFRÆÐI 62
ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI 65
LÍFSLEIKNI 66
UPPLÝSINGATÆKNI 72
ÍÞRÓTTIR 74
PRÓF 76

Við titil efnis eru oft litlar táknmyndir:

- bók
- stafrænt efni
- geisladiskur

ENSKA
LISTGREINAR
DANSKA
ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI
ÍÞRÓTTIR
UPPLÝSINGATÆKNI
LÍFSLEIKNI
TRÚARBRAGÐAFRÆÐI
ÍSLENSKA
LANDAFRÆÐI
STÆRÐFRÆÐI
SAGA
NÁTTÚRUFRÆÐI

LESTRARLANDIÐ – LESTRARKENNSLUEFNI FYRIR BYRJENDUR



Við gerð lestrarkennsluefnisins *Lestrarland* var lögð áhersla á að námsefnið næði til allra þátta lestrarnámsins: hljóðavitundar, umskráningar, lesfimi, orðaforða, lesskilnings og ritunar. Jafnframt var kappkostað að koma til móts við mismunandi aðferðir og áherslur í lestrarkennslunni. Í efninu er lögð rík áhersla á vandað myndefni sem leið til að örva talmál, vekja hugsun og samræður og æfa nemendur í að deila viðhorfum sínum og hugmyndum með öðrum.



Sögubók – Sögur eftir 13 íslenska höfunda þar sem áhersla er á tiltekinn bókstaf í hverri sögu. Þær eru ætlaðar til upplestrar til að æfa hlustun, hljóðvitund, orðaforða og skerpa athygli.

Hljóðbók með efni sögubókarinnar er á vefnum.

Lestrarbók – Á hverri opnu er kenndur einn bókstafur en við hlið hans er mynd sem tengist stafnum. Í bókinni eru tveir textar á opnu auk orða.



Vinnubækur 1 og 1+ og 2 og 2+.
Gert er ráð fyrir að vinnubækur séu unnar samhliða lestrarbókinni. Plúsbækurnar eru léttari útgáfur.

Vefur – þar er hægt að nálgast myndirnar úr bókinni, varpa á vegg til að skoða saman og ræða um. Velja má um hvort myndirnar eru með eða án texta.

LESUM OG SKOÐUM ORÐ – LESTRARLANDIÐ



Textarnir á þessum vef eru byggðir á sögum sem eru hluti af efninu í lestrarbókinni.

Vefurinn býður upp á möguleika til skapandi og fjölbreyttra vinnubragða og hann má nota í samkennslu, með skjávarpa eða rafrænni töflu. Einnig geta nemendur unnið sjálfstætt í vefnum.

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA



Lestrarkennsluefni sem býður upp á fjölbreytt vinnubrögð. Áhersla er lögð á að kenna heilar orðmyndir ásamt því að beita hljóðaaðferð. Efnið samanstendur af: Lestrarbók, vinnubókum 1 og 2 með og án króka, kennarabók, myndspjaldabók og úrklippubók.

VIÐ LESUM A OG VIÐ LESUM B



Hljóðaaðferðin er lögð til grundvallar í þessu námsefni. Vinnubækur og kennsluleiðbeiningar fylgja efninu.

ÍSLENSKA Í 1. OG 2. BEKK OG Í 3. OG 4. BEKK – HANDBÆKUR

Heildstæð nálgun í íslenskukennslu er rauði þráðurinn í þessum handbókum fyrir kennara. Fjallað er um aðferðir í móðurmálskennslu og bent á viðfangsefni sem m.a. má sækja á vefsíðuna *Íslenska á yngsta stigi – Veftorg*.



ÍSLENSKA Á YNGSTA STIGI – VEFTORG

Vefsíða sem er ætluð til að auðvelda yfirsýn yfir stafrænt námsefni í íslensku á yngsta stigi.



LISTIN AÐ LESA OG SKRIFA


Lestrarkennsluefni sem byggist á hljóðaaðferð, einkum ætlað nemendum sem þarfnast hægrar og markvissrar innlagnar á hljóðum og bókstöfum til að ná valdi á lestrartækninni. Í flokknum eru örbækur, lestrarbækur, fjórar vinnubækur, lestrarspil, verkefni á vef, bókin *Orðasafnið mitt* og kennsluleiðbeiningar á vef.
Fjórar nýjar lestrarbækur eru væntanlegar haustið 2017: 11a, 11b, 12a og 12b.

Vinnubækurnar hafa verið endurútgefnar og eru nú með tengikrókum og hjálparlínum.



STAFALEIKIR BÚA OG STAFALEIKIR BÍNU

Gagnvirkar æfingar handa börnum sem þurfa mjög skipulega og hæga innlögn og mikla endurtekningu til að ná tökum á undirstöðu lesturs.



LESTUR ER LEIKUR

Vefur einkum ætlaður nemendum sem þurfa hæga og skipulega þjálfun og mikla endurtekningu til að ná tökum á byrjunaratriðum lestrar. Kennsluleiðbeiningar eru á vefnum.



STAFAPLÁNETUR

Vefur ætlaður börnum sem eru að byrja að læra bókstafina. Á honum eru kynnt heiti og hljóð stafa og hvernig draga skal til stafsins.



STAFAASKJAN

Í öskjunni eru allir íslensku bókstafirnir, bæði lágstafir og hástafir, 30 stk. af hverjum staf, ásamt fimm brettum til að raða þeim á og búa til orð. Hugmyndir að notkun *Stafaöskjunnar* fylgja með.



SMÁBÆKUR

Þessi bókaflokkur er ætlaður börnum sem eru að ná tökum á lestri. Sögurnar eru fjölbreyttar og skiptast í fimm flokka eftir þyngd, sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vef. Lögð er áhersla á að bækurnar höfði til tilfinninga og rökhugsunar og síðast en ekki síst til kímnigáfu lesenda. Verkefni til útprentunar eru með mörgum smábókum.

Nýjustu bækurnar eru: *Lína, Draugasagan, Töfrasprotinn, Láki Máni og montrassinn, Láki Máni og letikeppurinn, Númi stendur í ströngu, Númi og konurnar þrjár*, *Sófus og svínið* og *Bankaránið*.

Í átta smábókum er áhersla lögð á að æfa markvisst samhljóðasambönd í léttum og spennandi sögum. Með hverri sögu eru alls sex verkefni sem kennarar geta valið úr eftir þörfum og prentað út.





MYNDASPJÖLD

ætluð til að þjálfa nemendur í skipulegri frásögn og ritun eru með þremur smábókum.

Græni gaukurinn, Skrýtinn dagur hjá Gunnari og *Drekadansinn*.



GAGNVIRK VERKEFNI

Skemmtileg verkefni í tengslum við lestur smábókanna sem eru einkum ætluð til að efla orðaforða og lesskilning nemenda og þjálfa þá í að skrifa létta texta og nota mismunandi ritunarform. Öll fyrirmæli eru lesin.

Margt skrýtið hjá Gunnari, Rumur í Rauðhamri, TX–10 – Það er ég, Gagga og Ari.



ORÐALEIKIR

Á þessum vefsíðum má finna 17 lítil verkefni úr vefjum sem fylgja smábókunum *TX-10 – Það er ég, Margt skrýtið hjá Gunnari, Gagga og Ari* og *Rumur í Rauðhamri*. Verkefnin felast einkum í að þjálfa nemendur í málfræði, viðfangsefni m.a. kyn, tala, orðflokkar, samheiti og andheiti.



LESUM OG SKOÐUM ORÐ

Gagnvirkur vefur sem miðast við að mæta áherslum í heildstæðri móðurmálskennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans. Möguleikar vefjarins gefa tilefni til skapandi og fjölbreyttra vinnubragða og hann má nota í samkennslu, með skjávarpa eða rafrænni töflu, og við sjálfstæða vinnu nemenda. Velja má um verkefni með ellefu smábókum og sex mismunandi leiðir til að fást við texta bókanna.



SMÁBÓKASKÁPURINN

Á vefnum má velja á milli nokkurra smábóka. Markmiðið er að þjálfa lestur, efla lesskilning og lestraráhuga og gefa börnum á yngsta stigi grunnskólans tækifæri til að nota tölvu sér til gagns og á skipulegan hátt.

Á vefnum eru núna bækurnar: *Kata og ormarnir, TX 10 í fótbolta, Valdi og Vaskur*, *Gagga og Ari*, *Græni gaukurinn*, *Skrýtinn dagur hjá Gunnari*, *Vinir í Afríku*.



LESÞJÁLFI

Vefur ætlaður nemendum sem þurfa að þjálfa sérstaklega lestur og lestrarhraða. Velja má um nokkrar auðlesnar sögu- og smábækur.



SAMHLJÓÐAR Í HIMINGEIMNUM

Vefur ætlaður nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Hann er hugsaður sem liður í hlustun og hljóðgreiningu, að greina á milli hljómlíkra samhljóða og samhljóðaklasa, einfaldra og tvöfaldra samhljóða.



ELDGRÍMUR

Gagnvirkur vefur ætlaður nemendum á yngsta stigi grunnskólans, einkum 7–9 ára börnum. Vefurinn nýtist þó fleirum, til dæmis nemendum með annað móðurmál en íslensku og þeim sem taka hægum framförum í móðurmálinu og þurfa mikla endurtekningu. Á vefnum er farið í stafrófsröð, samheiti og andheiti, að búa til samsett orð, rím, sérnöfn, samnöfn o.fl.



BÓKAKISTA

Fjölbreytt viðfangsefni ætluð til að efla lestraráhuga og sjálfstæðan lestur nemenda í 1.–4. bekk. Um er að ræða sextán vinnuspjöld í plastvasa. Nemendur velja sjálfir, eða í samráði við kennara, lestrarbók úr kistu sem kennarar hafa valið efni í, vinnuspjald og verkefni sem sótt eru á vef Menntamálastofnunar af síðunni *Íslenska á yngsta stigi – Veftorg* – Annað efni.



SAGAN UM BÓLU 1–10

Tíu æfingahefti í lestri fyrir byrjendur ásamt sögu sem er á vef til útprentunar. Gert er ráð fyrir að í upphafi sé sagan lesin í heild fyrir nemendur en hver hluti svo rifjaður upp áður en heftin eru lesin.



VEIÐIFERÐIN 1–5

Fimm æfingahefti í lestri fyrir byrjendur ásamt sögu sem er á vef til útprentunar. Sama nálgun og með *Bólu*.



SKEMMTILEGT OG SÍGILT LESTRAREFNI, PDF

Tíu stuttar sögur á lestrarblöðum til að prenta út.



LITLA, GULA HÆNAN OG UNGI LITLI

Í *Litlu gulu hænunni* er léttur texti fyrir byrjendur í lestri, byggður upp á endurtekningum setninga. Í *Unga litla* eru sögur fyrir börn sem búin eru að ná lestrartækninni en vantar æfingu.




LEIKUR AÐ ORÐUM 1, 2 OG 3, PDF

Bækur á vef, hugsaðar sem upprifjunar- og vinnubækur í lestri og einkum ætlaðar börnum sem eiga við lestrarörðugleika að etja. Þær komu fyrst út í byrjun áttunda áratugarins.



STAFASPJÖLD OG VEGGSPJALD

Ætluð við innlögn bókstafa og hljóða.
Spjöld í A4. Stafirnir án króka og með krókum.
Spjöld í A5. Myndir eru þær sömu og á stóru stafaspjöldunum en með krókum. Tvö sett af spjöldum eru í pakka.
Stafrófið – veggspjald. Allir stafirnir með og án króka í stærðinni A2.



ÍSLENSKI MÁLHLJÓÐAKASSINN

Í kassanum eru 58 flokkar yfir íslenska samhljóða og samhljóðasambönd. Orðalista og hugmyndir um notkun má finna í bæklingi sem fylgir kassanum.



FALLORÐASPILIÐ

Efni sett fram í leikjaformi til að æfa börn í beygingu íslenskra fallorða.



ORÐASJÓÐUR – EFNI TIL MÁLÖRVUNAR

Efnið sem er yfir 200 myndaspjöld er ætlað til að æfa hlustun og talað mál og byggja upp orðaforða daglegs lífs. Vinnublöð og leiðbeiningar um notkun má finna á vefnum til útprentunar.



RITRÚN 1, 2 OG 3

Í bókunum er fengist við byrjunaratriði í ritun, málfræði og stafsetningu fyrir yngsta stig grunnskóla. Bækurnar stigþyngjast.



LESRÚN OG LESRÚN 2 – LESA, SKILJA, LÆRA

Lesrún og *Lesrún 2* – lesa, skilja, læra, eru einnota verkefnabækur einkum ætlaðar nemendum í 3. og 4. bekk grunnskólans en gætu einnig hentað eldri nemendum þar á meðal nemendum með annað tungumál en íslensku. Gengið er út frá því að nemendur hafi náð vissri lestrarfærni áður en þeir takast á við bækurnar. Þær eru einnig gefnar út sem rafbækur.





SESTU OG LESTU

Flokkur lestrarbóka ætlaður börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tökum á undirstöðuatriðum lestrar. Efninu er ætlað að vekja lestrargleði og áhuga fyrir mismunandi framsetningu texta. Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði um.

Bækurnar eru allar til sem rafbækur og hljóðbækur. *Hundakúnstir, Vélmennið í grasinu, Danski draugurinn, Leitin að haferninum, Hetjurnar þrjár* og *Ævintýri á Ingólfsfjalli.* Bókin *Geitur í garðinum* er væntanleg haustið 2017




RITUM SAMAN

Námsefninu er ætlað að gera unga nemendur meðvitaða um að ritun í daglegu lífi hefur mismunandi tilgang. Verkefnin eru hnitmiðuð en nauðsynlegt er að kennari ýti þeim úr vör með stuttri innlögn. Kennarabækur fást.

Ritum saman – Blái blýanturinn og Græni blýanturinn





ORÐAKISTUR KRILLU

Í orðakistunum eru leikir þar sem æfð er stafrófsröð, rím, lestur algengra orða og leit að orðum. Verkefnin eru gagnvirk, einföld í notkun.



AÐ SKRIFA RÉTT!

Gagnvirk verkefni þar sem markmiðið er að þjálfa nemendur í að lesa og stafsetja merkingarbæran texta með samhljóðasamböndum. Á vefnum er hægt að velja um átta sögur.



LESTUR OG STAFSETNING 1 OG 2

Þjálfun í að lesa og stafsetja léttan, merkingarbæran texta.

Lestur og stafsetning 1 – Mappa
Lestur og stafsetning 2 – Mappa



MILLI HIMINS OG JARÐAR

Í lestrarflokknum *Milli himins og jarðar* er reynt að höfða til áhugamála og hugðarefna nemenda á yngsta stigi grunnskólans og er ætlað þeim sem hafa náð undirstöðuatriðum lestrar.

Bækurnar koma einnig út sem gagnvirkar rafbækur með viðbótarefni, ljósmyndum og myndböndum.



Köngulær, Tunglið og *Hvalir*. Bókin *Ánamaðkar* er væntanleg haustið 2017.

SÖGUSTEINN, ÓSKASTEINN OG VÖLUSTEINN

Lestrarbækur með spurningum og verkefnum ætlaðar 4.–7. bekk.

Ritunarverkefni með bókunum sem henta 4. bekk eru á vef.



ÞJÓÐSÖGURNAR OKKAR

Þjóðsögurnar eru arfleifð sem æskilegt er að börn fái tækifæri til að kynnast. Texti og hljóðbók eru á vef.




FRÆGT FÓLK – LESSKILNINGSVERKEFNI

Tuttugu gagnvirk verkefni sem reyna á lesskilning nemenda og þjálfa þá í að svara á hnitmiðaðan hátt spurningum úr stuttum textum. Þau eru til útprentunar eða gagnvirk.




LJÓÐSPROTAR

Falleg og aðgengileg ljóðabók handa yngstu nemendunum.



LJÓÐ HANDA BÖRNUM

Í bókinni eru ljóð, barnagælur og stökur eftir fjölmarga höfunda. Í kennsluleiðbeiningum er bent á kennsluaðferðir. Einnig fylgir nemendabók sem hægt er að teikna í.



ORÐSPOR 1–3 BÓK, VINNUBÓK OG KENNSLULEIÐBEININGAR Á VEF

Orðspor er heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig grunnskóla. Nemendur kynnast uppruna íslenskunnar, fá að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta, eflast í framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestri. *Orðspor 3* er væntanleg vorið 2017.



HEIMUR Í HENDI

Lestrarbækur fyrir miðstig. Þær taka mið af áhugamálum og hugðarefnum nemenda á þessum aldri. Leitast er við að blanda saman stuttum frásögnum, þekkingu, kunnáttu og fjölbreyttum fróðleiksmolum. Í bókunum eru lesskilningsverkefni og orðskýringar.

Stöngin inn, Á ögurstundu, Sitthvað á sveimi, Á flandri og *Hraðar, hærra, sterkar.*



FLÖKKUSKINNA, SÖGUSKINNA OG TÖFRASKINNA

Í *Flökkuskinnu* er farið með lesendur um heima og geima. Textarnir í bókinni eru fjölbreyttir, segja frá ýmsu skrýtnu og skemmtilegu; fólki, dýrum, hlutum og fjarlægum stöðum.

Í *Söguskinnu* fara lesendur í ferðalag um víðan völl. Textar bókarinnar eru fjölbreyttir og fróðlegir og bjóða upp á umræður og vangaveltur. Sagðar eru flökkusögur, gluggað í dagbækur, rýnt í umhverfi og náttúru, farið um framandi slóðir og fræðst um drauga og varúlfa. Verkefnin í bókinni eru margskonar og úrvinnsla þeirra fjölbreytt þar sem reynir á ólíka hæfni.

Í *Töfraskinnu* fá lesendur tækifæri til að fara í huganum um framandi slóðir og ævintýraheima og kynnast sögum og menningu úr ólíkum áttum.

Kennsluleiðbeiningar, hljóðbækur og gagnvirkar rafbækur fylgja bókunum þremur á vef Menntamálastofnunar.

Við val á textum og efni bókanna var fyrst og fremst haft í huga að efnistök væru fjölbreytt og næðu að fanga áhuga sem allra flestra nemenda. Textarnir eru úr ýmsum áttum og skrifaðir af rithöfundum, ljóðskáldum, blaðamönnum eða fræðimönnum.





BLÁKÁPA OG RAUÐKÁPA





Á vef eru kennsluleiðbeiningar
og verkefni með *Blákápu* og *Rauðkápu*.

MIÐBJÖRG




Vefurinn er ætlaður til móðurmálskennslu á miðstigi.
Hann inniheldur stutta umfjöllun um helstu þætti móðurmáls-
kennslunnar auk fjölda kennsluhugmynda og verkefna.

MÁLSMIÐJAN



Málsmiðjan er gagnvirkur vefur fyrir nemendur sem vilja
þjálfa málfræði og stafsetningu. Æfingarnar byggja á
sömu efnisþáttum og bókin *Finnbjörg* og auðvelt er fyrir
nemendur og kennara að nýta bókina í tengslum við vefinn.
Flestum verkefnum er skipt upp í þrjú erfiðleikastig svo
hægt er að velja verkefni við hæfi hvers og eins nemanda.

FINNBJÖRG



Lítil bók um málfræði og stafsetningu, einkum ætluð
til íslenskukennslu á miðstigi grunnskóla.

LJÓÐSPOR



Ljóðin í safninu eru að mestu eftir höfunda frá 19. og 20. öld. Ljóðunum er
raðað eftir viðfangsefnum og fylgja verkefni og orðskýringar hverjum þætti
bókarinnar. Í bókinni er fjöldi myndverka eftir þekkta íslenska myndlistarmenn.

RITUM RÉTT

Gagnvirk verkefni einkum ætluð nemendum sem eiga við stafsetningar-
örðugleika að etja en reynslan hefur sýnt að hægt er að nota þau með
góðum árangri fyrir aðra aldursflokka og til almennrar þjálfunar í stafsetningu.

MÁLRÆKT 1.–3. HEFTI



Í bókunum eru ýmiss konar verkefni og æfingar með aðaláherslu
á málfræði og ritun en einnig stafsetningu og bókmenntir.

GJALLARHORNIÐ



Þemahefti í íslensku einkum fyrir nemendur í 5.–8. bekk.
Nemendur setja sig í spor þeirra sem vinna við fjölmiðla og
þeim er gefinn kostur á að útbúa í sameiningu eigin fjölmiðil.
Kennsluleiðbeiningar eru á vef.

AUÐLESNAR SÖGUBÆKUR



Bækur í þessum flokki eru samdar sérstaklega með þá nemendur í huga sem eiga í erfiðleikum með að lesa langan samfelldan texta nema með hjálp hljóðbókar. Bækurnar henta þó vel sem lestrarefni handa börnum allt frá 4. bekk. Hljóðbækur eru á vef með mörgum bókanna.

Með flestum bókanna fást vinnubækur.

TRUNT, TRUNT OG TRÖLLIN … GEGNUM HOLT OG HÆÐIR …





Í þessum bókum er safn þjóðsagna fyrir mið- og unglingastig ásamt verkefnum. Hljóðbækur og ítarefni er á vef.


SNORRA-EDDA



Snorra-Edda endursögð í þremur bókum. Kennsluhugmyndir, verkefni og samlestraræfingar með bókunum eru á vef.

Óðinn og bræður hans, *Lífið í Ásgarði* og *Æsir á fljúgandi ferð*.

FERÐIR ÓDYSSEIFS



Í Hómerskviðum er sagt frá ferðum Ódysseifs á leið heim úr 10 ára stríði við íbúa borgarinnar Tróju. Hér er sagan endursögð á lipru máli sem hentar breiðum hópi lesenda.

ÁTÖK Á ÓLYMPSFJALLI



Í þessari bók eru sagðar fornar sögur af gyðjum og guðum á Ólymsfjalli í Grikklandi. Krakkarnir Bríet og Kristján eru þar á ferðalagi og rekast á furðuleg systkini sem segja þeim frá ótrúlegum heimi grísku guðanna. Þau fá að kynnast skrýtnum skepnum og atburðum sem menn trúðu fyrr á tímum að hefðu gerst.

Saga grísku guðanna er sett fram í skemmtilegri endursögn á lipru máli sem henta breiðum hópi lesenda.

HEIMIR – HANDBÓK UM HEIMILDARITUN



Bókin er ætluð þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í fræðaskrifum eða heimildaritun með Chicago skráningarkerfi. *Heimir* er einnig til sem rafbók þar sem unnið er með APA skráningarkerfið.

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU – VERKEFNASAFN, PDF

Safn verkefna sem Menntamálastofnun hefur látið semja í tilefni af degi íslenskrar tungu. Efnið er til útprentunar.



SÝNISBÆKUR ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Í þessum bókum er stiklað á stóru í íslenskri bókmenntasögu. Efnisval er fjölbreytt þar sem skoðuð eru m.a. ljóð, leikrit, sögur og kvikmyndir eftir höfunda frá mismunandi skeiðum bókmenntasögunnar. Kennsluleiðbeiningar og hljóðbækur eru á vef ásamt rafbókum.

„Mér er í mun …“, „Með fjaðrabliki …“ og *Sérðu það sem ég sé?*



BEINAGRINDUR – HANDBÓK UM RITUN

Bók sem styður nemendur í ritun ólíkra texta. Leiðbeiningar eru settar fram á myndrænan og einfaldan hátt. Innlagnir eru á vef sem ppt.



SKRIFAÐ Í SKREFUM – FERLISRITUN

Vefurinn *Skrifað í skrefum* var upphaflega opnaður árið 2000 sem ítarefni fyrir kennara sem notuðu samnefnda handbók um kennslu ritunar. Byggt er á kenningum fræðimanna um ferlisritun og reynslu höfunda af öllum stigum grunnskólakennslu.
Á vefnum má finna fjölbreyttar æfingar, verkefni og hugmyndir að ritunarverkefnum ásamt ýtarlegum kennsluleiðbeiningum, matsblöðum og gátlistum.



SÍGILDAR SKÁLDSÖGUR

Flokkur bóka þar sem þekktar skáldsögur eru endursagðar. Hljóðbækur eru á vef með nokkrum bókanna.

Baskerville hundurinn, Brennu-Njáls saga 1 og 2, Hvítklædda konan, Rómeó og Júlía, Drakúla, Fýkur yfir hæðir, Silas Marner, Innrásin frá Mars, Glæstar vonir og *Egils saga.*



BRAGFRÆÐI

Í þessari bók er að finna helstu bragreglurnar. Hver kafli fjallar um ákveðinn þátt bragfræðinnar á skýran og einfaldan máta. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



SKILNINGSBÓKIN, PDF


Verkefni sem þjálfa skilning í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Við gerð þeirra er tekið mið af PISA-könnunum undanfarinna ára.



MÁLVÍSIR – HANDBÓK Í MÁLFRÆÐI FYRIR UNGLINGASTIG

Ný handbók um íslenska málfræði fyrir efri bekki grunnskólans. Ítarlega er fjallað um orðflokka og greiningu þeirra en einnig um málnotkun, orðaforða, orðmyndun, setningarfræði og fleira því tengt.

Bókin auðveldar nemendum leit að málfræðihugtökum í íslensku. Í henni er jafnframt að finna gagnlegar ábendingar um nýyrði, slettur og tökuorð svo eitthvað sé nefnt.



HUGFINNUR, HANDBÓK UM BÓKMENNTAHUGTÖK

Handbók sem hefur að geyma skilgreiningar og dæmi um algeng bókmenntahugtök.




SKRIFFINNUR, LÍTIL BÓK UM STAFSETNINGU OG GREINARMERKI

Handbók þar sem er að finna allar helstu reglur um íslenska stafsetningu og greinarmerki ásamt dæmum.



GÍSLA SAGA, LAXDÆLA SAGA

Hér eru vinsælar Íslendingasögur endursagðar fyrir unglinga. Einnig til sem hljóðbækur.





KVEIKJUR, NEISTAR OG LOGAR

Námsefni í íslensku fyrir unglingastig. Lögð er áhersla á nám í gegnum leik, sköpun, skynjun og rannsóknarvinnu á tungumálinu og samfélaginu.


Efnið samanstendur af: *Kveikjur – textabók* og fjölnota verkefnabók, *Neistar – texta-og verkefnabók* og *Logar – texta og verkefnabók* sem notast samhliða textabókinni.

Á vef eru kennsluleiðbeiningar ásamt rafbókum og hljóðbókum.









MÁLIÐ Í MARK – FALLORÐ, SAGNORÐ OG ÓBEYGJANLEG ORÐ

Fallorð, *Sagnorð* og *Óbeygjanleg orð* eru einnota verkefnahefti í íslenskri málfræði. Æfingarnar eru flestar aðgengilegar á vefnum *Málið í mark*.

Á vefnum eru gagnvirkar málfræðiæfingar í íslensku fyrir unglingastig. Æfingunum er skipt í þrjá flokka, fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð.



ÍSLENSKA

SKILABOÐ MÓTTEKIN

Í bókinni er fjallað um tungumál, myndmál og notkun á táknum í fjölmiðlum og auglýsingum. Þetta er óvenjuleg kennslubók í íslensku um málefni sem varða daglegt líf allra Íslendinga því fjölmiðlar eru mjög sterkt afl í nútíma samfélagi.



SMÁSAGNASMÁRÆÐI

Í bókinni eru átta nýjar smásögur eftir íslenska höfunda. Unglingurinn er í brennidepli í sögunum og fjallað er um ólík mál sem hver og einn lesandi þarf að taka afstöðu til. Hljóðbók og kennsluleiðbeiningar eru á vef.



FINNUR 1, 2 OG 3

Þrjár einnota verkefnabækur í málfræði og stafsetningu fyrir unglingastig. Kennarabækur fást með lausnum á verkefnum bókanna.



LESIÐ TIL SKILNINGS, PDF

Kennarahandbók og æfingatextar á vef. Efnið er ætlað til að kynna gagnvirkan lestur fyrir kennurum sem vilja efla lesskilning með nemendum sínum á mið- og jafnvel unglingastigi.




MÁLBJÖRG

Málbjörg er íslenskuvefur fyrir unglingastig. Hann er fyrst og fremst hugsaður fyrir kennara. Inniheldur mikið safn af kennsluhugmyndum, verkefnum og glærum.




VEGGSPJÖLD Í ÍSLENSKU

Þrjú spjöld í stærðinni A2. Á þeim eru upplýsingar um orðflokkana, orðflokkagreiningu og samhljóða orð sem hafa mismunandi rithátt eftir merkingu.



LJÓÐSPEGLAR

Í bókinni eru á þriðja hundrað ljóð eftir ljóðskáld frá 19. og 20. öld. Bókinni er skipt í átta kafla og hverjum kafla í mismarga þætti. Í bókinni eru skilgreiningar á helstu einkennum ljóða, orðskýringar og ítarlegar höfunda- og ljóðaskrár.



GAGNVIRKAR ÆFINGAR Í STAFSETNINGU

Vefurinn er einkum ætlaður mið- og unglingastigi grunnskóla. Efnið byggist annars vegar á æfingum úr gömlum stafsetningarbókum og hins vegar á íslenskum þjóðsögum, kvæðum og ævintýrum.



BÓKHLAÐAN OKKAR

Á vefnum eru fjölbreytt, gagnvirk verkefni úr tíu unglingabókum. Meðal verkefna eru hraðaspurningar, segulljóð, bókmenntapælingar, pörunar- og ritunarverkefni. Nemendur geta hlustað á upplestur á völdum köflum úr hverri bók.



MÁLFRÆÐIGREINING

Forritið *Málfræðigreining* er samið með það að markmiði að nemendur geti á auðveldan hátt öðlast færni í greiningu hinna ýmsu málfræðiatriða.



MÁLFARSMOLAR

Á vefnum er varpað ljósi á ýmislegt sem aflaga hefur farið í málfari Íslendinga. Hver málfarsmoli fjallar um eitt atriði og kemur með tillögu til úrbóta.



LEIKUR AÐ ÍSLENSKUM ORÐUM


Vefur ætlaður til málörvunar í íslensku.



KÆRA DAGBÓK 1, 2 OG 3

Námsefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, einkum miðað við nemendur á aldrinum 8–12 ára sem eru læsir á sínu tungumáli.

Efnið samanstendur af: Nemendabókum ásamt kennsluleiðbeiningum, hljóðbókum, verkefnum og ítarefni á vef.



HITT OG ÞETTA

Einnota bók ætluð nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku en hafa náð nokkurri færni í íslensku. Henni er ætlað að efla orðaforða þeirra og bæta lesskilning. Efnið er einnig til á vef ásamt hljóðbók.



LÆRUM GOTT MÁL 1. – 5. HEFTI

Fimm vinnubækur, einkum ætlaðar nemendum á unglingastigi sem ekki geta nýtt sér almennt námsefni í íslensku. Með hverri bók fæst kennarabók.



MÁLFRÆÐIBÓKIN MÍN 1, 2 OG 3

Námsefnið samanstendur af þremur heftum sem eru samin fyrir börn með annað móðurmál en íslensku og hafa náð allgóðri færni í íslensku. Efnið er einkum ætlað nemendum á unglingastigi grunnskólans.



ÍSLENSKA – MÁLIÐ ÞITT

Vefurinn er tvískiptur: Annars vegar eru krækjur inn á ýmiss konar fróðleik á vegum Íslenskrar málstöðvar. Hins vegar eru umræðuefni og verkefni er tengjast stöðu tungumálsins.



ÆFUM ÍSLENSKU

Markmið með vefnum er að auka málfærni nemenda í íslensku, bæði skilning og tjáningu, og þroska tilfinningu þeirra fyrir beygingum málsins, þ.e. kyni, tölu og föllum.



SKÓLABLAÐIÐ

Vefnum er fyrst og fremst ætlað að æfa nemendur í daglegu máli. Megináherslan er á hlustun og skilning en einnig málnotkun og málfræði.



SÖGUR FRÁ ÍSLANDI – VEFUR

Vefurinn er einkum hugsaður fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á mið- og unglingastigi. Honum er ætlað að efla orðforða og málvitund nemenda og fræða þá um land og þjóð.



FRÆÐSLUMYNDIR

ORÐBRAGÐ 1.–6. ÞÁTTUR

Sex fræðslu- og skemmtiþættir sem Rúv. sýndi árið 2013 um íslenska tungumálið.



SKÁLDATÍMI

Röð sjálfstæðra þátta sem fjalla um þekkta íslenska samtímahöfunda.



Skáldatími
Böðvar Guðmundsson
Einar Kárason
Guðmundur Andri Thorsson
Hallgrímur Helgason
Einar Már Guðmundsson
Fríða Á. Sigurðardóttir
Kristín Ómarsdóttir
Ólafur Gunnarsson
Pétur Gunnarsson
Sjón
Steinunn Sigurðardóttir
Vigdís Grímsdóttir

ÍSLENSKA

BÆKUR Á TÁKNMÁLI

Á þessum vef má finna bækur úr *Smábókaflokki* og bókaflokknum *Komdu og skoðaðu* þýddar á táknmál heyrnarlausra.



TÁKNMÁLSLEIKIR 1 OG 2

Tvö kennsluforrit sem eru ætluð heyrnarlausum og heyrnarskertum börnum á aldrinum 4–7 ára og foreldrum þeirra. Á geisladiskinum eru verkefni bæði fyrir börn og foreldra.



UPP MEÐ HENDUR

Verkefnabók í táknmáli fyrir börn sem vilja læra táknmál. Í bókinni eru fjölbreytt verkefni til að lita, líma og leysa ýmsar þrautir. Kennsluleiðbeiningar og talnatákn til ljósritunar eru á vef.

Upp með hendur – Vefur sem þjónar sama markmiði og samnefnd bók.



TÁKN MEÐ TALI – ORÐABÓK

Orðabók með táknmyndum sem notaðar eru í boðskiptakerfinu *Tákn með tali* en TMT er tjáningarform ætlað heyrandi fólki sem á við verulega mál- eða talörðugleika að stríða. Orðabókin skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er sagt frá uppbyggingu og tilgangi TMT ásamt ábendingum um innlögn og þjálfun. Í seinni hlutanum er táknasafnið sjálft, alls 790 táknmyndir sem raðað er í nítján efnisflokka. Heimilt er að ljósrita táknmyndirnar.



TÁKN MEÐ TALI

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem notuð er með einstaklingum með mál- og talörðugleika. Aðferðin byggist upp á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.



TMT – VEFUR

TMT-forritið er verkfæri fyrir fagfólk og aðra sem nota boðskiptakerfið Tákn með tali með skjólstæðingum sínum. Því er ætlað að auðvelda þá miklu vinnu sem oft fylgir gerð náms- og kennsluefnis í tengslum við TMT. Í forritinu eru rúmlega 1000 táknmyndir og 3005 orð. Orðaforðinn byggist á *Tákn með tali – orðabók* sem gefin er út hjá Menntamálastofnun.



SKRIFT

ÍTALÍUSKRIFT

Markmið *Ítalíuskriftar* er að leggja traustan grunn að skriftarfærni nemenda. Börnin þurfa að læra skrift sem þolir hraða og nota má við nám og í daglegu lífi. Fyrst læra þau fastmótað hreyfingakerfi og síðan er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum. Námsefnið og ítaræfingar sem því fylgja eru með nýjum áherslum sem eru lagaðar að mismunandi getu og þörfum hvers nemenda.



















Grunnæfingar og æfingar tengdar krákustígum má sjá á vefnum www.italiuskrift.com. Bækurnar eru aðgengilegar bæði rétthentum og örvhentum. Aðaláhersla er á litlu stöfunum og tengingum þeirra en stóru stafirnir og litlu tölustafirnir eru einnig kenndir. Kennsluleiðbeiningar eru á vef ásamt öllum bókunum en þær eru fáanlegar á rafrænu formi sem flettibækur.

SKRIFT 1–7

Einnota forskriftarbækur með þjálfunaræfingum. Í bók 1 er farið yfir frumgerð stafanna. Stafirnir eru að mestu flokkaðir eftir skyldleika formsins. Í bók 2 bætast tengikrókar við. Æfingar í uppsetningu á texta bætast við í bók 4. Hjálparlínur eru að mestu dottnar út í bók 5 og þær eru ekki í bók 6. Bók 7 er margnota forskriftarbók.



SKRIFT A/a–Ö/ö SERÍA

Sería í blokk, eitt blað fyrir hvern staf, há- og lágstafi, alls 66 blöð.

STÆRÐFRÆÐILEIKIR Í BYRJENDAKENNSLU, PDF

Stærðfræðileikir í skólabyrjun en sumir leikirnir geta fylgt nemendum áfram í náminu með litlum breytingum.




SPROTI

Grunnnámsefni í stærðfræði fyrir1.–4. bekk. Í *Sprota* er lögð áhersla á mismunandi kennsluaðferðir þar sem fagleg sjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Námsefnið er sveigjanlegt og getur nýst vel til að skipuleggja einstaklingsmiðað nám. Í því er að finna mismunandi leiðir að viðfangsefnunum sem henta breiðum hópi nemenda. Efnið samanstendur af nemendabókum, æfingaheftum, kennarabókum og verkefnablöðum.

Sproti samanstendur af 8 nemendabókum og 8 æfingaheftum.




Kennarabækur fylgja öllum nemendabókunum frá blaðsíðu til blaðsíðu. Þar má finna markmiðin, lausnir og útskýringar á verkefnum ásamt skipulagningu kennslustunda og hugmyndum að auðveldari og erfiðari verkefnum, spilum og leikjum sem tengjast verkefnum í nemendabókinni.



VIÐ VILJUM SÉRSTAKLEGA VEKJA ATHYGLI Á


Verkefnablöðin eru safn verkefna, spila, leikja og hjálpargagna til útprentunar. Verkefnablöðin nýtast sem ítarefni, til upprifjunar, í þemavinnu, stöðvavinnu og fleira. Þau eru aðgengileg á vef Menntamálastofnunar.



Miðsvetrar- og vorpróf er hægt að nálgast á læstu svæði kennara á vef Menntamálastofnunar ásamt lausnum og leiðbeiningum um eftirfylgni.

Í UNDIRDJÚPUNUM

Fjögur æfingahefti og þrír gagnvirkir vefir í stærðfræði fyrir yngsta stig grunnskóla.
Í efninu er unnið með tölur lægri en 100.
Öll heftin eru til sem og rafbækur.
Heftin og vefirnir heita:
Í undirdjúpunum, Samlagning, Frádráttur, Margföldun og *Deiling*.



KÁTT ER Í KYNJADAL

Þetta námsefni er ætlað til byrjendakennslu í stærðfræði. Unnið með tölur frá 0–9. Efni samanstendur af: Nemendabók, kennarabók, myndspjaldabók og námsmatsverkefnum á vef.



TÍU FYRSTU TALNAHUGTÖKIN – NOKKRAR KENNSLUHUGMYNDIR

Kennsluhugmyndir vegna byrjenda í stærðfræði sem eiga erfitt með að ná tökum á talnahugtökunum 1–10.



STÆRÐFRÆÐI ER SKEMMTILEG – VERKEFNABANKI, PDF

Í þessum verkefnabanka er að finna verkefni fyrir alla árganga grunnskólans. Verkefnunum er skipt niður í fjóra flokka: tölur og reikning, rúmfræði og mælingar, algebru og tölfræði og líkindi. Innan hvers flokks er verkefnum skipt niður í fjóra aldursflokka og þau eru þyngdarmerkt innan hvers flokks með einni til þremur stjörnum. Mörg verkefnanna er hægt að aðlaga fleiri aldursstigum.



VEGGSPJALD – 100 TAFLAN

Á þessu veggspjaldi sem er í stærðinni A-1 er *100 taflan* prentuð, öðrum megin með tölum en hinum megin á spjaldið án talna. Kennsluhugmyndir með veggspjaldinu eru á vef.





KENNSLUPENINGAR

Hentugt hjálpartæki til að efla skilning nemenda á tugakerfinu og reikningsaðgerðum, svo og við að leysa viðfangsefni sem tengjast peningum. Kennsluhugmyndir eru á vef.



VILTU REYNA?

Sex verkefnabækur í stærðfræði, einkum við hæfi 6–9 ára barna.



STÆRÐFRÆÐIPÖDDUR

Markmiðið með þessum gagnvirka leik er að þjálfa nemendur í samlagningu, frádrætti og margföldun talna á bilinu 0–9.



TENINGASPIL – SAMLAGNING, MARGFÖLDUN OG FRÁDRÁTTUR

Gagnvirkt þjálfunarefni í samlagningu, frádrætti og margföldun.



TÖLUSTAFIRNIR

Vefurinn er hugsaður fyrir nemendur sem eru að læra tölustafina 1–10 og hentar einkar vel þeim sem þurfa mikla endurtekningu.



ÞRÍHYRNINGARNIR OG FERHYRNINGARNIR

Þrautaleikir sem þjálfa nemendur í samlagningu. Leikirnir felast í að búa til sömu summurnar þrisvar eða fjórum sinnum.



KLUKKAN

Klukkan á að hjálpa nemendum að sjá samsvörun í skífuklukkum og tölvuúrum. Forritið nýtist sem hjálpartæki við að læra á klukku og til sérkennslu.



MINNISLEIKUR

Gagnvirkur leikur sem eflir athyglisgáfu og þjálfar um leið nemendur í að þekkja einföld form.



LUKKUHJÓLIÐ

Gagnvirkur leikur með háar tölur sem reynir á skilning á tugakerfinu sem sætiskerfi.




SKIPTU JAFNT!

Gagnvirkt vefefni til að þjálfa einfalda deilingu.
Velja má um tvö þyngdarstig.



TALNAFERNINGURINN

Talnaferningnum er ætlað að þjálfa nemendur í hugareikningi. Á skjánum er leikborð sem er 3x3 reitir. Nemanda er ætlað að fylla í reitina svo summan lárétt, lóðrétt og á ská verði alltaf hin sama. Hægt er að velja milli þriggja þyngdarstiga.



TALNAVITINN

Markmið leiksins er að efla skilning nemenda á náttúrulegum tölum og tugakerfinu. Tölur eru staðsettar í rétt sæti í sætisgildakerfinu og þeim er síðan raðað eftir stærð. Hægt er að velja um þrjú þyngdarstig, tveggja stafa, þriggja stafa og fjögurra stafa tölur.



ÞRÍR Í RÖÐ

Markmiðið er að þjálfa nemendur í margföldun.
Mögulegt er að velja um fjögur mismunandi þrep í leiknum.



GETGÁTUR

Markmiðið er að æfa röðun á heilum tölum og kenna gildi aukastafa í tugabrotum.



STÆRÐFRÆÐI

GEISLI

Geisli 1a og *1b*, vinnubækur fyrir 5. bekk.
Meðal efnisþátta eru reikniaðgerðirnar, mælingar, rúmfræði, almenn brot, líkindi og hnitakerfi.

Geisli 2a og *2b*, vinnubækur fyrir 6. bekk.
Meðal efnisþátta eru reikniaðgerðirnar, form, almenn brot, tugabrot, mynstur og algebra.

Geisli 3a og *3b*, vinnubækur fyrir 7. bekk.
Meðal efnisþátta eru tölfræði, brot, líkur, prósentur, hlutföll, rökfræði og talnafræði.



STIKA

Stika er námsefnisflokkur í stærðfræði fyrir 5.–7. bekk. Efnið er framhald af *Sprota* sem er námsefni fyrir yngsta stig. *Stika* býður upp á sveigjanleika í stærðfræðikennslunni með því að gefa kennurum möguleika á að nota mismunandi kennsluaðferðir.

Stika samanstendur af 6 nemendabókum og 6 æfingaheftum. Lausnir við nemendabók og æfingahefti eru á vef Menntamálastofnunar.




Kennarabækur fylgja öllum nemendabókunum frá blaðsíðu til blaðsíðu. Þar má finna markmiðin og útskýringar á verkefnum ásamt hugmyndum að skipulagningu kennslustunda, erfiðari og auðveldari verkefnum, spilum og leikjum sem tengjast verkefnum í nemendabókinni.



VIÐ VILJUM SÉRSTAKLEGA VEKJA ATHYGLI Á

Verkefnablöðin eru safn verkefna, spila, leikja og hjálpargagna til útprentunar. Verkefnablöðin nýtast sem ítarefni, til upprifjunar, í þemavinnu, stöðvavinnu og fleira. Þau eru aðgengileg á vef Menntamálastofnunar.



Miðsvetrar- og vorpróf er hægt að nálgast á læstu svæði kennara á vef Menntamálastofnunar ásamt lausnum og leiðbeiningum um eftirfylgni.

HRINGUR

Níu margnota æfingahefti til útprentunar á vef MMS.
Hringur 1 – Samlagning og frádráttur – Margföldun og deiling – Brot
Hringur 2 – Reikniaðgerðir – Brot – Algebra
Hringur 3 – Mælingar – Prósentur og hlutföll – Algebra



DULARFULLU DULMÁLSBRÉFIN

Sjálfstætt þemahefti í stærðfræði. Efnið reynir m.a. á rökhugsun, lausn þrauta, tölfræði og talnavinnu. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.




LEIKIR OG ÞRAUTIR Í STÆRÐFRÆÐI FYRIR GRUNNSKÓLANEMENDUR, PDF


Ítarefni með því námsefni sem stuðst er við í bekknum hverju sinni. Verkefnin eru fjölbreytt og reyna á marga þætti stærðfræðinnar.



VEGGSPJÖLD Í STÆRÐFRÆÐI

Brot – Ýmis atriði sem tengjast brotareikningi sýnd á myndrænan hátt.
Pýþagórasarreglan – Regla Pýþagórasar sýnd myndrænt.





GAGNVIRK ÆFINGADÆMI – HNITAKERFI

Gagnvirkt efni þar sem nemendur geta þjálfað færni sína í hnitakerfinu.



REIKNUM OG REIKNUM

Þjálfun í hugareikningi í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.



HLIÐRUN

Gagnvirk verkefni sem ætlað er að auka skilning nemenda á hliðrun í hnitakerfi og færni í henni.



PRÓSENTUR

Á vefnum *Prósentur* er val um tíu mismunandi verkefni til að æfa undirstöðuatriði í prósentureikningi. Hægt er að velja um hvort texti er lesinn eða ekki. Að lokum má skoða/prenta út yfirlit yfir árangur.




SPEGLUN

Gagnvirk verkefni sem ætlað er að auka skilning á speglun í hnitakerfi og færni nemenda í henni.




ALGEBRA

Á vefnum er fjölbreytt efni og efnistök bæði miðuð við frumkennslu í völdum þáttum algebru og einnig sem ítarefni til þjálfunar.



ALMENN BROT

Í vefefninu *Almenn brot* er hægt að velja um ellefu ólík viðfangsefni þar sem nemendur geta m.a. þjálfað sig í að þekkja, flokka, leggja saman og bera saman brot. Hægt er að velja um hvort texti er lesinn eða ekki. Að lokum er hægt að skoða/prenta út yfirlit yfir árangur.



BRÚSARNIR

Markmiðið með vefnum er að þjálfa nemendur í að leysa þrautir og er ætlað að auka hæfileika nemenda til að finna lausnaleiðir og endurskoða þær. Það reynir á ýmsa færniþætti þrautalausna svo sem greiningu og að vinna sig til baka frá lausn.



ÁTTA–TÍU

Grunnnámsefni í stærðfræði fyrir 8.–10. bekk. Bækurnar skiptast í kafla þar sem fengist er við viðfangsefni stærðfræðinnar á fjölbreyttan hátt. Flokkurinn samanstendur af sex fjölnota grunnbókum og kennsluleiðbeiningum, lausnum og ítarefni á vef. Bækurnar eru einnig til sem flettibækur.



ÞEMAHEFTI Í STÆRÐFRÆÐI FYRIR UNGLINGASTIG

Þemaheftin eru hluti af námsefnisflokknum *Átta–tíu* í stærðfræði. Heftin eru margnota. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



MÆLINGAR UM VÍÐA VERÖLD – ÞEMAHEFTI

Fjallað um mælieiningar sem notaðar eru á ólíkum stöðum í heiminum og þær bornar saman. Auk þess eru gamlar íslenskar mælieiningar skoðaðar.



PÆLINGAR Í STÆRÐFRÆÐI – ÞEMAHEFTI

Í heftinu eru 22 sjálfstæðar þrautir sem reyna á rökhugsun.

SKALI

Skali er grunnnámsefni í stærðfræði fyrir 8.–10. bekk þar sem fengist er við viðfangsefni stærðfræðinnar á fjölbreyttan hátt. *Skali* samanstendur af 6 nemendabókum og 6 æfingaheftum en þær er einnig hægt að nálgast sem rafbækur á vef Menntamálastofnunar.



Kennarabækur, lausnir og ítarefni er aðgengilegt á vef Menntamálastofnunar.



Kaflapróf og lokapróf er hægt að nálgast á læstu svæði kennara á vef Menntamálastofnunar ásamt lausnum.

STÆRÐFRÆÐI

STÆRÐFRÆÐI 8+, 9+ OG 10+

Áhersla er lögð á að þjálfa undirstöðuatriði í stærðfræði og er textinn einfaldur. Kennsluleiðbeiningar fást en í þeim er umfjöllun um innihald og notkun kennslubókanna, leiðbeiningar með einstökum blaðsíðum og lausnir.



STÆRÐFRÆÐI Í DAGSINS ÖNN

Námsbókaflokkurinn er ætlaður nemendum á unglingastigi sem ráða ekki við almennt námsefni í stærðfræði. Flokkurinn skiptist í sex grunnbækur og jafnmörg æfingahefti og kennarahefti.



HUGTÖK Í STÆRÐFRÆÐI

Ítarlegur hugtakalisti í stærðfræði fyrir unglingastig grunnskóla. Hér eru stærðfræðileg hugtök útskýrð og í mörgum tilvikum eru einnig skýringamyndir. Heftið er einnig til útprentunar á vef.




VINKILL 1, 2 OG 3, PDF

Vinkill er ítarefni í stærðfræði fyrir unglingastig.
Efnið er valið með hliðsjón af grunnefni 8.–10. bekkjar.
Þetta efni ásamt lausnum er á vef.




VOGIN

Gagnvirk verkefni þar sem nemendur nota vog til að finna óþekktar þyngdir á hlutum. Verkefnin eru ætluð sem undirbúningur fyrir lausnir á jöfnum.



START OG SMART

Byrjendaefni í dönsku fyrir miðstig grunnskóla. Efnið samanstendur af tveimur grunnbókum *Start* og *Smart*, vinnubókum, kennsluleiðbeiningum, hlustunaræfingum, spilum og leikjum ásamt hljóðbókum. Allt efnið er til á vef. Hlustunaræfingar með *Start* og *Smart* fást á geisladiski en á honum er tónlist sem er ekki í vefútgáfunni. Bækurnar eru einnig til sem flettibækur á vef.



START – LEIKJAVEFUR

Gagnvirkur vefur í dönsku fyrir miðstig. Hann er ætlaður sem ítarefni með kennslubókinni *Start*. Leikjavefur með *Smart* er væntanlegur.



LEG MED DANSK

Markmið vefjarins er að kenna nemendum algeng orð í dönsku, ritun þeirra, lestur og framburð.



TÆNK

Námsefni í dönsku fyrir unglingastig. Efnið samanstendur af grunnbók og tveimur vinnubókum. Kennsluleiðbeiningar, hlustunaræfingar og hljóðbók eru á vef.



TÆNK+

Léttari útgáfa af *Tænk*, námsefni í dönsku fyrir unglingastig. Efnið samanstendur af grunnbók og tveimur vinnubókum sem eru allar á vef ásamt hljóðbók.



SMIL

Námsefni í dönsku fyrir unglingastig, efnið þjálfar hlustun, tal, lesskilning og ritun. Efnið samanstendur af *Smil* grunnbók og tveimur vinnubókum, sem einnig eru til sem flettibækur. Auk þess eru kennsluleiðbeiningar, hlustunaræfingar, skapandi verkefni og hljóðbók á vef.







BORDBOMBE

Borðbomba eða orðbomba inniheldur margvísleg orð og texta en í henni eru m.a. smásögur og ljóð eftir danska höfunda, sjálfspróf, skrýtlur, vandræðaleg augnablik og dægurlagatextar.

Nemendur geta unnið nokkuð sjálfstætt með efnið og oft valið framsetningu verkefna. Mörg verkefni má vinna í snjalltækjum ef áhugi er fyrir því.



DEJLIGE DANMARK

Þemahefti í dönsku sem fjallar um mannlíf og menningu í Danmörku. Efnið samanstendur af lesbók og vinnubók sem fást prentaðar og í vefútgáfu auk hlustunaræfinga og talæfinga á vef.



EKKO

Kennslubók í dönsku fyrir unglingastig grunnskóla. Henni fylgja tvær vinnubækur þar sem bent er á hlustunar- og talæfingar sem eru á vef ásamt kennsluleiðbeiningum og hljóðbók. Vinnubækurnar eru einnig til sem flettibækur á vef.




PINLIGT!

Í bókinni, sem er ætluð unglingum, eru brot úr dönskum smásögum og bókaköflum. Við val á textum var mikilvægasta viðmiðið að sögurnar væru vandaðir bókmenntatextar. Kennsluleiðbeiningar og verkefni eru á vef.




GRAMMATIK

Handbók í danskri málfræði fyrir grunnskóla. Farið er í helstu grunnreglur í danskri málfræði. Á vefnum eru verkefni til útprentunar ásamt lausnum á læstu svæði.



SÅDAN – VERKEFNI Í DÖNSKU OG UPPLÝSINGATÆKNI

Safn þemaverkefna sem tengjast grunnefni Menntamálastofnunar í dönsku í 7.–10. bekk.



LYT OG SE

Gagnvirkur vefur sem samanstendur af níu stuttum myndböndum og gagnvirkum verkefnum sem eiga að auka skilning og bæta máltilfinningu.




EVRÓPSKA TUNGUMÁLAMAPPAN

Evrópska tungumálamappan (*European Language Portfolio*) fyrir grunnskólastig er gefin út á vegum menntamálaráðuneytisins og vottuð af Evrópuráðinu í Strasbourg. Mappan er í þremur hlutum sem eru tungumálapassi, námsferilskrá og safnmappa. Efnið er á pdf-formi til útprentunar og ljósritunar. Einnig er á vefnum *Evrópska tungumálamappan* fyrir framhaldsskólastig.



LIGE I LOMMEN

Vefur fyrir unglingastig sem er ætlað að auka færni nemenda í að hlusta og tjá sig á dönsku. Hann samanstendur m.a. af myndböndum og fjölbreyttum verkefnum þar sem tölvur og snjallsímar nýtast við lausn verkefna.



RIGHT ON!

Í kennsluefninu er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu og myndefni. Kennslan er byggð á leik, söng og rími.
Í kennarabókinni er að finna eyðublað fyrir kennsluáætlanir og tillögur að því hvernig haga megi kennslu í þemunum.
Efnið samanstendur af vinnubók, kennarabók og geisladiski.



ADVENTURE ISLAND OF ENGLISH WORDS

Handbók kennara, verkefnablöð á vef og kassi með myndaspjöldum.
Efnið er hugsað til stuðnings fyrir umsjónarkennara á yngsta stigi.
Í kennarabókinni er boðið upp á eins konar handrit á ensku.



CONNECT

Efni ætlað nemendum á yngsta stigi grunnskóla, einkum í þriðja og fjórða bekk. Efnið byggist upp á þremur stuttum textaheftum, *Atlantic Ocean*, *Celebrations* og *Seasons*. Á þessari vefsíðu má finna kennsluleiðbeiningar með hugmyndum af úrvinnslu og verkefnum til útprentunar og rafræna útgáfu af hverju hefti þar sem textinn er lesinn inn.

Knöppum texta í heftunum og ríkulegu myndefni er ætlað að vera grunnur að fjölbreyttri úrvinnslu á grundvelli þemanáms.



READY FOR ACTION

Ready for Action er enskuefni fyrir miðstig grunnskóla.
Í bókinni eru fjölbreyttir textar í fjórum köflum:

Animals *Fun and entertainment* *Space* *Jobs*

Í hverjum kafla bókarinnar er að finna hugmyndir að verkefnum og ensk-íslenska orðalista.

Hlustunarefni, kennsluleiðbeiningar og rafbók eru á vef.



ACTION

Efnið er ætlað til enskukennslu á efra miðstigi. Í lesbókinni eru fjölbreyttir textar og verkefni sem hægt er að velja á milli. Tvær vinnubækur fylgja lesbókinni og hljóðbók er á vef ásamt hlustunarefni með vinnubókunum.
Efnið er einnig til sem flettibækur á vef.



PORTFOLIO

Námsefni í ensku fyrir miðstig grunnskóla. Efnið samanstendur af:

– *Teacher's Guide 1/Speak out, Work out og My P.C.*
– *Teacher's Guide 2/Build up 1 og 2, My P.C.* og *Topic Books.*

Í kennarabókunum eru grundvallarhugmyndir um málanám en einnig margar tillögur um hvernig á að vinna ýmsar æfingar og verkefni.

Portfolio – Speak Out! – Leshefti
Portfolio – Work Out! – Einnota vinnubók
Build up 1, Build up 2 – Einnota vinnubækur
My Portfolio Collection (*My P.C.*) eru blöð sem nemendur eiga að safna í möppu ásamt öðru efni sem þeir ákveða sjálfir að halda til haga. Nemendamappan *My P.C.* er hornsteinn enskuefnisins *Portfolio* og af henni dregur efnið nafn sitt. Hlustunarefni fæst á geisladiskum.

Portfolio – Topic Books er röð átta þemahefta sem ætlað er að örva lestur nemenda á ensku. Allir titlarnir fást sem hljóðbók á geisladiski. Bækurnar eru: *A Year of Fun, A World of Records, Amazing Animals, Children of the World, Going Places, Heroes, Into Hobbies* og *Out in Space*. Bækurnar eru á tveimur þyngdarstigum.

Portfolio – Topic Books – Efni til ljósritunar 1 og 2
Safn lesskilningsverkefna úr *Topic Books* til ljósritunar.



PLAY WITH ENGLISH

Markmið vefjarins er fyrst og fremst að kenna nemendum algeng orð, ritun þeirra, lestur og framburð. Þemun sem tekin eru fyrir á vefnum eru áþekk þeim sem finna má í byrjendaefni eins og *Adventure Island of English Words* og *Right on!* Því er auðvelt að nota vefinn samhliða því námsefni.



HICKORY, DICKORY, DOCK

Þrjú sjálfstæð einnota vinnuhefti með skemmtilegum æfingum.



SPOTLIGHT

Spotlight 8, 9 og *10* er námsefni í ensku fyrir unglingastig. Í textabókunum eru þemabundnir kaflar með einum grunntexta. Þar á eftir fylgja nokkrir valtextar, svokallaðir Cool reads. Efni hvers árgangs samanstendur af: Textabók, vinnubók, hlustunarefni á CD, hljóðbók á CD, kennarabók og lausnum.








Í kennsluleiðbeiningum eru fjölföldunarsíður með æfingum, handrit að hlustunaræfingum og fleira. Í vinnubókunum eru æfingar og verkefni með textum í lesbókinni og lagatextum. Lausnir fást með vinnubókunum. Æfingar merktar með stjörnu eru erfiðari. Málfræðiæfingar eru aftast og tengjast ekki textunum í lesbókinni. Hlustunarefni á geisladiskum fylgir hverri bók. Þeir innihalda texta, tónlist, hlustunaræfingar og próf. Hljóðbækur fást með textum grunnbókanna. Vegna höfundarréttar og samninga við erlenda útgefendur er ekki hægt að hafa þetta efni til niðurhals á vefnum en hljóðskrárnar eru nú aðgengilegar á læstu svæði kennara.

WRITE RIGHT ONE OG WRITE RIGHT TWO

Tvær einnota vinnubækur fyrir mið- og unglingastig. Æfingar og ritunarverkefni í tengslum við ýmis atriði enskrar málfræði. Efnið byggist á samnefndum vefjum.



WORLD WIDE ENGLISH

Flokkur tólf mynda þar sem nemendur fá tækifæri til að kynnast ungu fólki frá ýmsum löndum í hinum enskumælandi heimi. Fjallað er um náttúru, menningu, daglegt líf og fleira áhugavert. Hver mynd er í tveimur útgáfum, með og án ensks texta. Kennaraefni sem fylgir myndunum er á læstu svæði. Þar eru verkefni, handrit að texta og fleira ásamt lausnum.
World Wide English, Australia, Canada, England, India, LA, New York, New Zealand, Northern Ireland, Scotland, South Africa, The Bahamas og *Wales*.



LISTEN FIRST! – BOOK 1, 2 OG 3

Námsefnið *Listen First! 1, 2* og *3* er ætlað nemendum í 8. bekk sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Allan texta, æfingar og leiðbeiningar er að finna á geisladiski. Nemendur geta því hlustað á upplesturinn eftir þörfum. Námsefnið er hugsað til sjálfsnáms eða heimanáms. Það skiptist í 14 kafla og eru allt að átta mismunandi æfingar í hverjum kafla. Tilgangurinn með námefninu er einkum að auka orðaforða nemenda í ensku og skilning á töluðu máli.



LÆRUM ENSKU! – RAFBÓK

Námsefni sem nýtist nemendum á mismunandi aldri sem eru að stíga sín fyrstu skref í enskunámi og geta ekki notað almennt námsefni. Einkum ætlað nemendum á miðstigi. Í rafbókinni er hægt að hlusta á upplestur.



EVRÓPSKA TUNGUMÁLAMAPPAN FYRIR GRUNNSKÓLASTIG

Evrópsku tungumálamöppurnar fyrir grunn- og framhaldsskólastig eru gefnar út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vottaðar af Evrópuráðinu í Strasbourg. Möppurnar eru í þremur hlutum sem eru tungumálapassi, námsferilskrá og safnmappa. Efnið er á vef.



MOVE ON! OG GO FOR IT!

Leshefti í ensku fyrir unglinga sem er ætlað að auka fjölbreytni lestrartexta til enskukennslu á unglingastigi. Kennsluleiðbeiningar ásamt verkefnum og hljóðbókum eru á vef.



ICELAND IN ENGLISH

Gagnvirkur vefur til enskukennslu á miðstigi. Viðfangsefni tengjast íslenskri sögu og menningu og er skipt í sjö þemu. Hvert þeirra tengist sérstökum stað á Íslandi og hefst á frásögn sem lesin er upp. Hægt er að kalla fram orðskýringar með því að smella á lituð orð. Textar þyngjast með hækkandi tölu. Hverju þema fylgja gagnvirk verkefni og leikir sem tengjast efni texta.



READ WRITE RIGHT

Einfaldur og aðgengilegur vefur með fjölbreyttum gagnvirkum æfingum sem byggjast á stuttum frumsömdum textum. Textarnir fjalla um ýmis efni, til að mynda jólin í ólíkum löndum, glæpi, óvenjulegan pakka, þreyttan hund og auðveldar leiðir til sparnaðar.



ENGLISH POETRY

Vefur með enskum ljóðum. Á honum er að finna 20 ljóð eftir jafnmörg enskumælandi ljóðskáld.



LANGUAGE MASTER – SPELL OG LANGUAGE MASTER – VERBATIM

Gagnvirkir vefir sem þjálfa stafsetningu vandritaðra orða, beygingar sagna, myndun fleirtölu orða og að setja orðmyndir í samhengi.

THINK ABOUT IT

Spennandi vefur til enskunáms fyrir unglingastig. Hægt er að lesa og hlusta á krefjandi texta þar sem fjallað er um áleitin málefni á borð við netfíkn, fordóma og hlýnun jarðar. Fjölbreytt gagnvirk verkefni sem reyna á hlustun og orðaforða. Ritun er m.a. æfð þannig að nemendur blogga með því að svara spurningum sem tengjast efninu.



WRITE RIGHT 1 OG WRITE RIGHT 2

Gagnvirkar æfingar í ensku. Þjálfun í orðaforða, ritun og ýmsum málfræðiatriðum. Æfingarnar eru á þremur mismunandi þyngdarstigum.



KOMDU OG SKOÐAÐU …

Kennsluefnið *Komdu og skoðaðu* … samanstendur af 15 nemendabókum og fjölbreyttu námsefni á vef, einkum ætlað 1.–4. bekk.
Komdu og skoðaðu … -bílinn, -eldhúsið, -fjöllin, -hafið, -himingeiminn, -hringrásir, -hvað dýrin gera, -íslenska þjóðhætti, -land og þjóð, -landakort, -landnámið, -líkamann, -sögu mannkyns, -tæknina og -umhverfið og *-eldgos*.





KOMDU OG SKOÐAÐU … – RAFBÆKUR

Í rafbókunum er hægt að hlusta á texta bókarinnar lesinn og fá upp viðbótarefni s.s. stutt myndbönd, orðskýringar, ljósmyndir og fleira.

- Komdu og skoðaðu umhverfið
- Komdu og skoðaðu hafið
- Komdu og skoðaðu eldhúsið
- Komdu og skoðaðu eldgos



KOMDU OG SKOÐAÐU …

Komdu og skoðaðu … – Vefefni með öllum bókunum
Kennsluhugmyndir og sögurammar, ítarefni og verkefni til útprentunar, sögur og gagnvirk verkefni.

HANI, KRUMMI, HUNDUR, SVÍN …

Í bókinni er fjallað um íslensk húsdýr og ýmislegt sem tengist þeim. Sagt er frá hvað einkennir húsdýr, hvernig þau fluttust til landsins, nýtingu þeirra og fleira. Einstökum tegundum húsdýra er lýst í máli og myndum.



ÍSLENSKU HÚSDÝRIN OG ÍSLENSK LANDSPENDÝR

Á vefjunum er margvíslegur fróðleikur um íslensk húsdýr og íslensk landspendýr.




NÁTTÚRAN ALLAN ÁRSINS HRING

Bókin er um náttúruna og árstíðirnar. Kennsluleiðbeiningar og hljóðbók er á vef.



VETUR

Á þessum námsvef eru ýmsar upplýsingar um sólarganginn, snjó, veður, hvernig lesa á af hitamæli, skýin og margt fleira.



LÍFRÍKIÐ Í FERSKU VATNI

Bókin fjallar um ferskt vatn og lífverur sem lifa í því. Á vef eru námsleiðbeiningar fyrir nemendur með íslensku sem annað mál.



LÍFRÍKIÐ Í SJÓ

Í bókinni er lögð áhersla á að skoða hvernig lífríki og ólíkt umhverfi spila saman. Kennsluleiðbeiningar fást og hljóðbók er á vef.




LÍF Á LANDI

Umfjöllunarefni bókarinnar er landið og lífríki þess, skógar, hraun, móar, melar, votlendi, valllendi, fjöll og manngert umhverfi. Mikill fjöldi ljósmynda og skýringarteikninga prýðir bókina. Kennsluleiðbeiningar og hljóðbók eru á vef.



GREININGARLYKLAR: SMÁDÝR, LANDIÐ, FJARAN OG VATNIÐ

Greiningarlyklarnir eru hugsaðir til að auðvelda nemendum að greina einstakar tegundir smádýra sem þeir kunna að rekast á í vettvangsferðum.



GREININGARLYKLAR UM SMÁDÝR

Upplýsingavefur um smádýr sem finnast á landi, í fjörum og í vötnum. Vefurinn byggir á greiningarlykli smádýra sem kom út árið 2007. Smádýrin er flokkuð í samræmi við hann.



VERKLEGAR ÆFINGAR Í NÁTTÚRUFRÆÐI 5.–7. BEKKUR

Safn fjölbreyttra verklegra æfinga í eðlis- og efnafræði. Æfingarnar má nýta með öllu grunnefni í náttúrufræðum. Kennarasíða fylgir hverju verkefni.



ÞEMAHEFTI Í NÁTTÚRUFRÆÐI FYRIR MIÐSTIG

Efnið má nota eitt og sér, sem ítarefni með öðru námsefni eða sem kveikju að vettvangsferðum svo nokkuð sé nefnt.



BLIKUR Á LOFTI

Umfjöllun um veður og hugtök sem tengjast því.

GEITUNGAR Á ÍSLANDI

Um geitunga sem eru dæmigerð skordýr.

HORNSÍLI

Um útlit hornsíla, útbreiðslu þeirra, þróun, atferli og lifnaðarhætti.

ÞJÓÐARBLÓMIÐ HOLTASÓLEY

Fjallað um holtasóley frá ýmsum sjónarhornum.

AUÐVITAÐ



Endurskoðaður flokkur bóka sem er námsefni í eðlis-, efna- og jarðfræði fyrir miðstig grunnskóla. Efni bókanna hefur verið endurraðað og er nú léttara. Kennsluleiðbeiningarnar eru orðnar viðameiri því í þær hafa verið flutt ýmis verkefni úr bókunum.

Með endurröðun efnisins er horfið frá því að vera með þætti úr öllum náttúrufræðigreinunum í hverri bók. Þess í stað er efninu skipað niður í meginatriðum þannig að eðlisfræðin er í fyrstu bókinni, jarðfræðin í annarri og efnafræðin í þeirri þriðju.



AUÐVITAÐ 1 – Á FERÐ OG FLUGI

Saga vísindanna, ljós, speglar og linsur, kraftar, vélar, mælingar og hljóð.

AUÐVITAÐ 2 – JÖRÐ Í ALHEIMI

Fjallað um sólkerfið, Jörðina og sögu hennar, myndun Íslands, landmótun, hafið, veður og loftslag.

AUÐVITAÐ 3 – HEIMILI

Um nýsköpun og vísindaleg vinnubrögð, einfalda efnafræði, rúmmál, massa, varma, hamskipti, hitaþenslu, leysni og orku.

MAÐURINN, HUGUR OG HEILSA



Grunnefni um mannslíkamann fyrir miðstig. Efnið samanstendur af nemendabók, einnota vinnubók og hljóðbók á vef. Kennsluleiðbeiningar fást.

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU – SAFNVEFUR



Á vefnum er fróðleikur og verkefni í tengslum við fjöruna, aldur Íslands, landslag og friðlýst svæði.

HEIL OG SÆL




Þemaheftið fjallar um heilbrigði og heilbrigða lífshætti. Heftið er einkum ætlað nemendum á unglingastigi. Því er ætlað að hvetja unglinga til þess að vera meðvitaða um gildi heilbrigðra lífshátta og benda á hvernig þeir, með eigin ákvörðunum, hafa afgerandi áhrif á eigið líf. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.

LOFTSLAGSVERKEFNI, PDF



Í tilefni Norræna loftslagsdagsins 2010 voru útbúin verkefni til útprentunar tengd loftslagsbreytingum.

KYNFRÆÐSLUTORG




Veftorg þar sem finna má allt kynfræðsluefni sem til er á rafrænu formi hjá Menntamálastofnun.

KYNLÍF – STELPUR/STRÁKAR



Hefti ætluð unglingum þar sem fjallað er um kynþroskann og kynlíf í víðri merkingu orðsins. Sérstakt blað er ætlað hvoru kyni, efnistök eru þó alveg eins.

KYNFRÆÐSLUVEFURINN



Fjallað er á skýran og myndrænan hátt um helstu atriði í tengslum við kynþroska, kynlíf og kynheilbrigði. Texti er stuttur og hnitmiðaður og hægt að velja hlustun.

LITRÓF NÁTTÚRUNNAR

LÍFHEIMURINN

Um lífið á jörðinni. Greint er frá algengri skiptingu lífvera í hópa og rætt um einkenni og gerð lífvera í hverjum þeirra. Að lokum er umfjöllun um atferli dýra.

MANNSLÍKAMINN

Í bókinni er fjallað um frumur, síðan er umfjöllun um einstök líffæri og líffærakerfi og greint frá gerð þeirra og helstu verkefnum.

MAÐUR OG NÁTTÚRA

Í upphafi er fjallað um ljóstillífun og bruna og þátt grænna plantna í að skapa öðrum lífverum lífsskilyrði. Síðan er umfjöllun um vistfræði og lýst tengslum mismunandi lífvera og umhverfis þeirra. Þá er greint frá þróun umhverfismála og hvernig áherslan hefur færst frá hinu staðbundna til hins hnattræna. Því næst er kynning á erfðafræði og loks er rætt um þróun lífs á jörðinni.



Kennarabækur fást og verkefni til útprentunar fylgja öllum bókunum í flokknum. Prófabankar eru á læstu svæði kennara á vef.

LITRÓF NÁTTÚRUNNAR

LITRÓF NÁTTÚRUNNAR – GAGNVIRK VERKEFNI


Gagnvirkar krossaspurningar í náttúrufræði sem eru tengdar bókaflokknum *Litróf náttúrunnar*. Efninu er ætlað að auðvelda nemendum að ná tökum á efnisþáttum bókanna, auk þess að þjálfa þá í að vinna fjölbreytt verkefni. Nemendur geta fylgst með hve mörgum spurningum þeir ná að svara rétt hverju sinni.



EÐLISFRÆÐI

EÐLISFRÆÐI 1

Í upphafi er fjallað um rafmagn, eðli þess og eiginleika. Þá kemur kafli um hljóð þar sem m.a. er lögð áhersla á hljóðið í umhverfi fólks. Því næst kemur kafli um varma og veður og lítillega er fjallað um massa og að lokum er kafli um eðli ljóssins og einkenni þar sem m.a. er fjallað um þróun ljósleiðaratækni, geislun og fleira.



EÐLISFRÆÐI 2

Kaflarnir í þessari bók eru um kraft og hreyfing, þrýsting, rafmagn og segulmagn og loks orku og afl. Hver meginkafli skiptist í nokkra undirkafla. Í upphafi hvers kafla er stuttur inngangur, ásamt markmiðum kaflans og yfirliti. Ítarefni af ýmsum toga er í sérstökum rammaklausum. Í lok hvers undirkafla eru sjálfspróf. Bókunum fylgir hljóðbók en lausnir og próf eru á læstu svæði kennara.



EÐLISFRÆÐI 3

Bókin skiptist í fjóra meginkafla sem hefjast á opnu með stuttum inngangi og myndum, markmiðum kaflans og nánara efnisyfirliti. Hver kafli greinist svo í nokkra undirkafla. Fyrsti kafli er um kjarneðlisfræði. Í öðrum kafla er inntakið orkuöflun mannkyns. Þriðji kafli fjallar um sólkerfið og sá fjórði um alheiminn.


Við lok hvers undirkafla er sjálfspróf úr efni kaflans ásamt nokkrum grunnhugtökum.



Kennsluleiðbeiningar eru á formi rafbókar á slóðinni:
https://www.mms.is/namsefni/edlisfraedi-1-og-2-kennsluleidbeiningar


ÓDÝRAR OG EINFALDAR TILRAUNIR Í EÐLISFRÆÐI

Hugmyndabanki með tólf einföldum tilraunum í eðlisfræði fyrir unglingastig. Efnið er þrískipt: Kennsluleiðbeiningar, verkefnablöð fyrir nemendur sem hægt er að vinna beint í tölvunni eða prenta út og myndbönd sem sýna tilraunirnar framkvæmdar.



EFNISHEIMURINN

Bókin fjallar um helstu flokka efna, frumeindir og sameindir, efnabreytingar og lotukerfið. Í henni er fjöldi einfaldra athugana. Hljóðbók er á vef ásamt kennsluleiðbeiningum.





CO_2 – FRAMTÍÐIN Í OKKAR HÖNDUM – ÞEMAHEFTI

Námsefni um loftslagsbreytingar. Þær miklu breytingar á hitastigi sem hafa orðið undanfarna áratugi á jörðinni eru flestum kunnar. Kennsluleiðbeiningar eru á vef ásamt fræðslumyndinni *Gróðurhúsaáhrif, loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar* sem er opin öllum og einnig til á DVD. Verkefni með myndinni eru á vefnum *Loftslagsbreytingar á jörðinni*.



HEIMURINN MINN

Markmið með þessum vef er að auka þekkingu nemenda á umhverfismálum og að þeir öðlist jákvætt viðhorf til umhverfisins. Á vefnum er fjöldi verkefna.




YRKJUVEFUR

Kennsluvefur um skógrækt.




PLÖNTUVEFURINN

Á vefnum er að finna myndir af rúmlega 100 íslenskum plöntutegundum auk fróðleiks um þær.



FUGLAVEFURINN

Fuglavefurinn kemur nú út í nýrri, endurskoðaðri útgáfu sem hentar öllum snjalltækjum. Fjölbreyttur fróðleikur um 83 tegundir fugla, ásamt ýmiss konar fróðleik og gagnvirkum verkefnum fyrir nemendur.




JARÐFRÆÐIVEFURINN

Vefurinn skiptist í þrjá hluta: uppbygging jarðar, jarðskjálftar og eldgos.



FJARAN OG HAFIÐ

Ný og bætt útgáfa af vefnum *Fjaran og hafið*. Fróðleikur og myndir af lífverum sem lifa í fjörum og hafinu. Á vefnum er gagnvirkt efni fyrir nemendur.



KVISTIR – MYNDBÚTAR Í JARÐFRÆÐI OG LANDAFRÆÐI

Á vefnum *Kvistir* er að finna stuttar fræðslumyndir í landafræði, jarðfræði, eðlisfræði og líffræði sem keyptar hafa verið af verðlaunavefnum *Twig* eða http://www.twig-world.com/. Vefurinn er afar vinsæll breskur kennsluvefur sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga, t.d. Bettverðlaunin.
Á vefnum eru nú um 70 myndir.



NEÐANSJÁVARMYNDIR

Í þessum fræðslumyndaþáttum er farið með kafara á grunnslóð við strendur landsins og fjölbreytt og skemmtilegt lífríki hafsins er skoðað. Þættirnir eru stuttir og henta vel til kennslu á öllum stigum grunnskólans.



ALLS KYNS – FRÆÐSLUMYNDIR FYRIR MIÐ- OG UNGLINGASTIG

ALLS KYNS UM KYNÞROSKANN – MIÐSTIG

Í þessari teiknuðu stuttmynd er fjallað um kynþroskann og helstu breytingar sem verða á líkömum stelpna og stráka á þessu æviskeiði. Getnaður er einnig útskýrður í máli og myndum. Myndin er einkum ætluð nemendum á aldrinum 10–12 ára. Hún er einnig til textuð.



ALLS KYNS UM KYNFERÐISMÁL – UNGLINGASTIG

Í þessari teiknuðu stuttmynd er fjallað um ýmsar hliðar kynferðismála. Rætt er um hugtök eins og kyn, kynvitund, kynhneigð og kynlíf.
Myndin er einkum ætluð 13–15 ára nemendum. Hún er einnig til textuð.



NÁTTÚRAN Í NÝJU LJÓSI

Myndirnar í flokknum eru: *Apar, Ár og tjarnir, Beinagrindur, Birnir, Eyðimerkur, Eyjar, Fiðrildi, Fiskar, Flar, Fjaran, Fjöllin, Flugið, Frumskógur, Fuglar, Hamfarir, Hákarlar, Heimskautin, Hestar, Hundar, Jarðeldar, Kettir, Lífið, Lífið í fortíðinni, Lífsbarátta, Maðurinn, Ófreskjur, Pláneturnar, Plönturnar, Risaeðlur, Skordýr, Skriðdýr, Spendýr, Steinaríkið, Tré* og *Veðrið*. Kennsluleiðbeiningar með fræðslumyndaflokknum eru á vef til útprentunar.



FYLGST MEÐ ÞEIM VAXA

Fylgst er með vexti og þroska dýra. Myndirnar í flokknum eru: *Dýrin á bóndabænum, Dýrin í eyðimörkinni, Dýrin í trjánum, Frumskógardýr, Gæludýr, Sjávardýr, Skordýr* og *Skóglendisdýr.*


VIÐFANGSEFNI VÍSINDANNA

Flokkur fræðslumynda sem henta vel til kennslu á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Myndirnar í flokknum eru: *Bylgjur, Efnahvörf, Eiginleiki náttúruauðlinda, Flutningur orku og hringrás efna í lífverum, Frumeind, frumur og vefir, Gerð sólar, Hreyfing sameinda, Líffærakerfi mannsins, Líffæri líkamans, Matur og melting, Meiósa, Meltingarfæri mannsins, Miklihvellur, Mítósa, Orkubúskapur frumna og efnaskipti, Rafefnafræði, Rafsegulróf* og *Straumrásir*.



AÐRAR MYNDIR Í NÁTTÚRUFRÆÐI


Fæðing og dauði stjarna 1, Fæðing og dauði stjarna 2, Hagamús – Með lífið í lúkunum, Héðan til eilífðar, Hitastig og loftslag, Home, Húsey, Hænsnfuglar, Í ríki fálkans, Í skýjum skellur hans hlátur – Hrossagaukur, Jarðskjálftar, eldstöðvar og fellingafjöll, Kynlíf – Forfallakennarinn, Kýrin, Laxasaga, Loðna, Mývatn, Sauðkindin, Surtsey, Úrkoma og ríkjandi vindar, Úti í mýri, Vísindaleg aðferð, Vísindi í brennidepli 4 – Varmi og orkuflutningur, Vísindi í brennidepli 9 – orka, Þar er ei nema eldur og ís og *Refurinn*.



TRÚARBRAGÐAFRÆÐI

TÍSLA

Um er að ræða námsbók í siðfræði og lífsleikni. Hún fjallar um hugsanir, tilfinningar og atvik sem kunna að eiga sér stað hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig má takast á við breytingar á jákvæðan hátt. Bókin er fyrir kennara til að leiða samverustund með nemendum sínum þar sem rætt er um hvernig bregðast má við eða vinna með þessar tilfinningar. Á vefnum eru myndir og nótur með Tísluvísunni.





TRÚARBRÖGÐIN OKKAR

Trúarbrögðin okkar er námsbók í trúarbragðafræði ætluð yngstu bekkjum grunnskólans. Hún er til kynningar á fimm trúarbrögðum: búddatrú, hindúatrú, kristni, íslam og gyðingdómi. Bókin lýsir trúarbrögðum frá sjónarhóli barna í sama bekk. Annað hlutverk hennar er að sýna að börn og fullorðnir geta umgengist, verið vinir og samt haft ólíka siði, venjur og trú.

Kennsluleiðbeiningar, hljóðbók og sögurammi eru á vef.



TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS

Flokkurinn *Trúarbrögð mannkyns* er ætlaður til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Rakin er saga trúarbragða, sagt frá helstu guðunum, helgiritum, siðum og hátíðum. Einnig er sagt frá útbreiðslu trúarbragðanna og trúfélögum hér á landi.

Búddatrú, Gyðingdómur, Hindúatrú, Íslam, og Kristin trú.


Hljóðbækur og kennsluleiðbeiningar með ýmsum fróðleik, verkefnum, föndurverkefnum, spurningum og svörum eru á vef.



FRÆÐSLUMYNDIR Í FLOKKNUM TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS


Í hverri mynd er sagt frá fjölskyldu og ýmsum siðum er tengjast trú hennar. Fléttað er inn upplýsingum um trúarbrögðin, svo sem um stofnanda trúarinnar og upphaf hennar, útbreiðslu, trúarskyldur, guðshús og helgistaði.

Bahá´í trú, Búddatrú, Gyðingdómur, Hindúatrú, Íslam, Kristin trú, Kínversk lífsspeki, Síkatrú.



KRISTIN TRÚ

Bókin *Kristin trú* er ætluð til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Kristni er líkt og önnur trúarbrögð margbreytileg en hér er gerð grein fyrir lúterskri mótmælendatrú eins og hún er þekkt hér á landi. Fjallað er um hver helsti boðskapur kristninnar er og hvernig hún hefur áhrif á daglegt líf fólks, hvort sem er í hversdagsleikanum, á hátíðum eða á sérstökum gleði- eða sorgarstundum. Kennsleiðbeiningar eru á vef.
Bókin er einnig til í rafrænni útgáfu.



TRÚARBRAGÐAVEFURINN

Trúarbragðavefurinn kemur til móts við vaxandi fjölmenningu í samfélaginu með það markmið að draga úr fordómum og bæta samskipti manna á milli. Trúarbrögð eru mikilvægur þáttur í allri menningu og áríðandi að börn jafnt sem fullorðnir tileinki sér umburðarlyndi gagnvart gildum annarra. Á vefnum er að finna kynningu á fimm af áhrifamestu trúarbrögðum heims, gagnvirk verkefni, tenglasöfn og vefleiðangur.



MAÐURINN OG TRÚIN

Í bókinni er fjallað um helstu trúarbrögð heims, gyðingdóm, kristni, íslam, hindúasið og búddhisma. Áhersla er lögð á inntak trúarbragðanna og áhrif þeirra á daglegt líf og samfélag þeirra sem þau játa. Í bókinni eru settar fram spurningar og verkefni. Hljóðbók er á vef.



PÁSKAVEFUR OG JÓLAVEFUR

Á vefjunum er allt efni sem birst hefur á síðunni *Í dagsins önn*, tengt jólum og páskum komið á einn stað.



GOÐSAGNIR OG ÍSLENDINGA SÖGUR

Goðsagnir: Það er sama hvert litið er á Íslandi, alls staðar eru bókmenntirnar nálægar. Land, sem í krafti einstæðs landslags skrifar sjálft sínar eigin sögur.

Íslendinga sögur: Á 13. öld var farið að skrásetja sögu landnámsmanna og þessar frásagnir, Íslendinga sögurnar, eru enn með verðmætustu dýrgripum íslenskrar sögu. Þær fjalla um ást, átthagabönd, hefnd og dauða. Fræðslumyndin hentar til kennslu í trúarbragðafræði, samfélagsgreinum og íslensku.



Á PRJÓNUNUM

Í bókinni eru helstu prjónaaðferðir kenndar stig af stigi. Bókin hentar jafnt til kennslu byrjenda og þeirra sem lengra eru komnir í prjónanámi.



TEXTÍLVEFURINN

Á vefnum er að finna ýmiss konar verkefni eftir textílkennara. Þar eru verkefni í vélsaumi, þæfingu, fatahönnun, jurtalitun, útsaumi, handsaumi o.fl.



LEIKLIST Í KENNSLU – HANDBÓK FYRIR KENNARA

Þessi bók fjallar um leiklist sem kennsluaðferð. Ekki er nauðsynlegt að kennarar hafi formlega menntun í þessum fræðum heldur á bókin að vera aðgengileg öllum.



HAGNÝT LEIKLIST

Handbók ætluð kennurum. Í bókinni eru teknir saman tugir kennsluaðferða í leiklist og leiðbeiningar um beitingu þeirra. Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á fjölbreytni í kennsluaðferðum og kennsluefni, þar sem ólíkar leiðir við nám henta nemendum og þeir hafa mismunandi námsstíl. Þar geta aðferðir leiklistar komið að góðum notum. Í myndinni eru sýnd þrjú heildstæð kennsluverkefni í leiklist, eitt fyrir hvert stig grunnskólans. Raðað er saman nokkrum kennsluaðferðum leiklistar þannig að úr verði heildstætt ferli. Það er ekki nauðsynlegt að kennarar hafi formlega menntun í leiklist til þess að nýta kennsluaðferðirnar.



LEIKLIST Í KENNSLU

Bókin fjallar um leiklist sem kennsluaðferð. Vefefninu er ætlað að vera hjálpartæki fyrir kennara til að nýta bókina á fjölbreyttan hátt.



LEIKLISTARSÖGUVEFUR

Efnismikill vefur um sögu sviðslista frá fornu fari til nútímans.



LEIKRITASMIÐJAN

Leikritasmiðjan er leikritavefur. Á vefnum er að finna leikrit fyrir yngsta, mið- og unglingastig. Þau nýtast bæði til uppsetningar og samlestrar.



MYNDMENNT

Á vefnum er að finna fjölbreytt úrval náms- og kennsluefnis fyrir kennara og til kennslu, náms og upplýsingaöflunar. Vefurinn inniheldur kennsluleiðbeiningar, krækjusafn, námsvefi og verkefni til útprentunar.



LEIRMÓTUN – KERAMIK FYRIR ALLAN

Handbók um undirstöðuþætti og grunnaðferðir leirmótunar. Kennarar og nemendur geta nýtt sér efni bókarinnar á meðan þeir eru að ná tökum á vinnubrögðum og tækni. Á vef Menntamálastofnunar er bókin sett upp sem rafbók, þar sem meðal annars er hægt að horfa á stutt myndbönd sem sýna mismunandi aðferðir við leirmótun.

Á vefnum eru einnig verkefni sem fylgja bókinni; *Leirmótun – verkefni fyrir alla*. Um er að ræða hefðbundin verkefni og verkefni með nýja nálgun á leirmótun í skólastarfi. Þau eru miðuð við ákveðin aldursstig en mörg þeirra má létta eða þyngja svo að þau falli að öðrum aldursstigum, veruleika kennslustofunnar og þörfum nemenda.



LISTASAGA – FRÁ HELLALIST TIL 1900

Í bókinni er fjallað um myndlist, húsagerðarlist og höggmyndalist frá fornöld fram til 1900. Þegar listasagan er skoðuð má sjá að hvert tímabil hefur sitt yfirbragð, sinn stíl og stefnu. Áhugavert er að velta fyrir sér hvað einkennir hvern tíma og skoða hver þróunin hefur verið í aldanna rás.

Kennsluleiðbeiningar eru á vef.





LITHVÖRF – FRÆÐSLUMYND

Um er að ræða tólf stutta þætti sem sýndir voru í RÚV árið 2007. Einn listamaður kemur fram í hverjum þætti og segir frá sér og verkum sínum eða því sem hann vill miðla. Kynjaskipting er jöfn og verk listamannanna spanna næstum allt listasviðið.



LISTASKÓLI EVRÓPU 1–4 – FRÆÐSLUMYND

Í þessum fjórum myndum er farið yfir nokkrar grundvallarreglur í blýantsteikningu.





TÖKUM SPORIÐ – KENNSLUMYND Í DANSI

Í þessari mynd sýna börn og unglingar dans undir stjórn danskennara. Myndin er einkum ætluð miðstigi en getur nýst á öðrum stigum. Henni fylgir bæklingur með kennsluhugmyndum og fróðleik.



SÖNGVASAFN

Söngvasafn er aukin og endurskoðuð útgáfa *Nýs söngvasafns handa skólum og heimilum.* Þessi bók er mun viðameiri en sú fyrri, u.þ.b. 100 síðum lengri og er innan við helmingur þess efnis byggður á lögum úr eldra safninu.



SÖNGVASAFN 1 OG SÖNGVASAFN 2

Ný söngvasöfn fyrir öll stig grunnskóla.



VIÐ SPILUM OG LEIKUM VIÐ LITLU BÖRNIN

Í þessari bók eru 10 leikir sem hafa það sameiginlegt að kenna börnum að greina mismunandi tónlist. Bókinni fylgir geisladiskur með tónlistinni en einnig eru nótur fyrir þá sem vilja spila sjálfir.




TÖFRAKASSINN

Töfrakassinn er bók þar sem safnað hefur verið saman 103 leikjum sem tengjast tónlist. Bókin er fyrir börn frá leikskólastigi upp í yngstu bekki grunnskóla. Ekki er krafist sérstakrar tónlistarþekkingar kennara, aðeins áhuga á að vinna að tónlist með börnum.



SYNGJANDI SKÓLI

Námsefnið *Syngjandi skóli* hefur að geyma 44 lög og kvæði. Í bókinni eru lögin nótnasett og kvæðin prentuð. Bókinni fylgja tveir geisladiskar.



HLJÓÐSPOR

Dægurtónlistin óx úr grasi á 20. öld ríkulega nærð á auglýsingum og sölumennsku. Henni var snemma ætlað að ná til stórs hóps kaupenda með prentuðum nótum, blöðum, tímaritum og hljómplötum. Tónlist hefur jafnan þrifist best á tískusveiflum og sífelldum nýjungum. Sagan er rakin í þessari bók, allt frá myrkviðum Afríku til Bandaríkjanna, meginlands Evrópu og hingað upp til Íslands. Kennarabók fæst og hlustunarefni á CD. Verkefni eru til útprentunar á vef.



DÆGURSPOR


Systurbók *Hljóðspora* sem sagði sögu af blús og rokki. Þessi heldur sig við dægurtónlist, vals, tangó, revíur, sjómannalög og dægurlög alls konar en segir um leið frá tíðaranda og tísku eins og *Hljóðsporin*. Í báðum bókum er því heilmikil saga og samfélagsfræði.

Dægurspor eru væntanleg í lok árs 2017.

TÓNLIST OG ...

TÓNLIST OG AFRÍKA

Í þessari bók kynnast nemendur tónlist frá Afríku. Þeir hlusta á afríska tónlist, læra afrísk lög og dansa. Í bókinni er kynning á afrískum hljóðfærum og því hvernig á að búa til slík hljóðfæri. Efnið er einkum ætlað nemendum í 3.–4. bekk þótt vissir hlutar þess henti einnig bæði yngri og eldri nemendum.





TÓNLIST OG UMHVERFI

Þetta námsefni fjallar um tónlist og umhverfi. Um það hvernig tónlistin kemur til okkar úr ýmsum áttum og hvernig við getum búið hana til á margvíslegan máta. Efnið er einkum ætlað nemendum í 1.–2. bekk þótt það geti vissulega nýst eldri nemendum.





TÓNLIST OG LÍKAMINN

Bókin skiptist í kafla sem hver og einn fjallar um eitt líffæri eða skynfæri líkamans s.s. hjartað, heyrn og sjón. Tengingar á milli tónlistar og líkamans eru margar. Hægt er að búa til tónlist án hljóðfæra með kroppaklappi og stappi, auk raddarinnar. Þá gefur harka beina og tanna tilefni til að skoða hvernig hljóð geta verið hörð. Bein eru mislöng og því tilvalin til kynningar á lengdargildum í tónlist áður en nótnaskrift er kennd.

Kennsluleiðbeiningar fást með bókunum og þeim fylgir hlustunarefni á CD.





STAFSPIL

Stafspil er handbók í tónmennt og tónmenntarkennslu. Bókin er unnin út frá hugmyndafræði Carls Orff, tónskálds, en hann lagði áherslu á að í kennslu ætti ávallt að ganga út frá barninu sjálfu og sköpunargleði þess. Með því að nota kunnuglegar vísur og lög úr reynsluheimi barnanna fikra þau sig frá því þekkta til hins óþekkta. Í bókinni eru 13 útsetningar fyrir stafspil og leiðbeiningar um vinnuferli.



DOKAÐU VIÐ

Á vefnum er að finna tónlistina úr óperunni *Dokaðu við* ásamt nótum og ljóðatextum. Hún er aðgengileg á tölvutæku formi bæði með og án söngs.



LANDAFRÆÐI TÓNLISTARINNAR




Á vefnum gefst grunnskólanemendum færi á að kynnast framandi tónlist og menningu frá sex löndum: Kína, Krít, Spáni, Túnis, Indlandi og Tyrklandi. Áhersla er lögð á tónlistina en einnig það menningarlega samhengi sem hún er sprottin úr. Ýmis verkefni, kort, litríkar ljósmyndir, myndskeið og tónlist styðja við efnið og er meirihluti textans lesinn upp. Vefurinn nýtist í tónmennt sem og samfélagsgreinum. Kennsluleiðbeiningar með verkefnum eru á vef.

HLJÓÐLEIKHÚSIÐ



Í *Hljóðleikhúsinu*, *Búum til sögu*, *Hlustum á sögu* þjálfast nemendur í því að kanna hljóðheiminn, rannsaka, flokka, velja og hafa stjórn á hljóðum frá mismunandi hljóðgjöfum. Í bókinni eru fjórar sögur ásamt kennsluverkefnum. Þá eru kennsluleiðbeiningar með fimm þjóðsögum sem eru í bókinni. Einnig má nýta bókina í tónlist.

TÓNLIST Í TÍMANS RÁS



Umfangsmikill tónlistarvefur sem einkum er ætlaður til tónmenntakennslu fyrir eldri bekki grunnskóla. Meginviðfangsefnið er tónsmíðar með aðferðum sem rætur eiga hjá helstu tónskáldum sögunnar. Samhliða er fjallað um tónlistarsöguna í stórum dráttum, sem oft er tengd samtímaviðburðum.

GOTT OG GAMAN



Einnota kennslubók í heimilisfræði fyrir byrjendur. Kennsluleiðbeiningar og lausnir á verkefnum eru á vef.

HEIMILISFRÆÐI 2, 3, 4



Í *Heimilisfræði 2*, *3* og *4* eru einfaldar uppskriftir í bland við fróðleik um heilbrigða lífshætti, neysluvenjur og umhverfisvernd. Kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar haustið 2017.

GOTT OG GAGNLEGT 1, 2 OG 3

Kennslubækur í heimilisfræði fyrir miðstig grunnskólans. Bókunum fylgja vinnubækur. Uppskriftir með bókum 2 og 3 eru á vef ásamt kennsluleiðbeiningum.



MATUR OG MENNING

Námsefni í heimilisfræði fyrir unglingastig grunnskóla. Fjallað er m.a. um mataræði, átröskun, matarmenningu, mat og trúarbrögð, mat og sjúkdóma, neytendafræði og verslunarsálfræði. Verkefni fylgja hverjum kafla.



NÆRING OG LÍFSHÆTTIR

Kennslubók í heimilisfræði fyrir efstu bekki grunnskóla. Í bókinni er fjallað um næringarfræði, matvælafræði, umhverfismál og fleira tengt heimilishaldi. Verkefni fylgja hverjum kafla.



VEGGSPJALD – MÁL OG VOG

Til notkunar í heimilisfræðistofum, mæliskeiðar, lítramál, tafla yfir þyngd hráefna o.fl.



UPPSKRIFTAVEFURINN

Safn uppskrifta sem hafa reynst kennurum vel í verklegri kennslu í heimilisfræði. Uppskriftirnar eru fyrir öll skólastig.



HEIMILISFRÆÐI – UPPSKRIFTIR FYRIR UNGLINGASTIG

90 uppskriftir sem henta í kennslu í heimilisfræði fyrir unglingastig grunnskóla.



ÉG ER ÞAÐ SEM ÉG VEL, 1.–10. BEKKUR, PDF

Verkefni til útprentunar, sem taka á heilbrigði, lífsstíl, fjármálum o.fl.



VERKEFNI Í HÖNNUN OG SMÍÐI FYRIR 1.–4. BEKK

Í þessum verkefnabanka eru 40 verkefni í hönnun og smíði fyrir nemendur í 1.– 4. bekk.



VERKEFNI Í HÖNNUN OG SMÍÐI FYRIR 5.–7. BEKK


Verkefnabanki með 30 verkefnum í hönnun og smíði fyrir í 5.– 7. bekk.



HÖNNUN OG SMÍÐI

Í þessu námsefni má finna fróðleik um verkfæri, efni og aðferðir við trésmíði, málmsmíði, glervinnu og rafeindavinnu í efstu bekkjum grunnskóla. Auk aðalnámskrár er tekið mið af áherslum í grunnnámi framhaldskólanna.

Glervinna *Málmsmíði* *Trésmíði* *Rafmagn*




NÝSKÖPUNARMENNT

Handbók kennara, verkefni á vef og fræðslumynd. Nýsköpunarmennt er kennslufræðileg aðferð fyrir alla kennara í grunnskólum sem hafa hug á því að vekja löngun hjá nemendum sínum til þess að uppgötva. Í fræðslumyndinni eru viðtöl við frumkvöðla úr atvinnulífinu, fyrrum þátttakendur í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, segja frá þátttöku sinni.


Á vefnum eru æfingar með bókinni.





VÍKINGAÖLD 800 – 1050

Þemahefti um fólk í Norður-Evrópu á víkingaöld. Meðal viðfangsefna bókarinnar eru fornleifar, víkingar og víkingaferðir. Í bókinni er fjallað um daglegt líf fólks í norrænum samfélögum, híbýli þess, störf, siði og trú. Fjallað er um áhrif víkingaaldar allt til nútíma. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.




SJÁ EINNIG NÁTTÚRUFRÆÐI

Komdu og skoðaðu …



LEIFUR EIRÍKSSON, Á FERÐ MEÐ LEIFI HEPPNA

Saga um víkinga við Norður-Atlantshaf og sögufrægar konur þeirra sem héldu af stað út í óvissuna fyrir meira en 1000 árum. Verkefnabók og hljóðbók eru á vef. *Leifur heppni – Vefur um víkinga* er ítarefni ásamt kennsluhugmyndum með bókinni.



LEIFUR HEPPNI – TEIKNIMYND

Teiknimyndin um Leif heppna lýsir því á litríkan og lifandi hátt hvernig þessi hugrakki landkönnuður óx úr grasi og kveikir skemmtilegar vangaveltur um það af hverju sumir sem sigldu um heimsins höf urðu landkönnuðir.



FRÁ RÓM TIL ÞINGVALLA

Í bókinni er áhersla á sögu fornaldar, einkum Rómaveldi og fyrstu aldir Íslandsbyggðar, frá landnámi og fram yfir kristnitöku. Kennsluleiðbeiningar með verkefnum og hljóðbók er að finna á vef.



MERKIR SÖGUSTAÐIR – ÞEMAHEFTI

Merkir sögustaðir eru þemahefti um staði sem þykja merkir af sögulegum ástæðum. Í bókunum eru verkefni og kennsluhugmyndir.

Merkir sögustaðir – Hólar, Skálholt og Þingvellir

Þingvellir er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók á vef.



MIÐALDAFÓLK Á FERÐ

Sagt er frá ferðum fólks og atburðum sem áttu sér stað á seinni hluta miðalda og upphafi nýaldar, sérstaklega á tímabilinu 1000–1600. Kennsluleiðbeiningar með verkefnum og hljóðbók eru á vef.



SNORRA SAGA


Ævi Snorra Sturlusonar rakin í sögulegri skáldsögu. Kennsluleiðbeiningar ásamt verkefnum, samþættingarverkefni með íslensku og hljóðbók eru á vef.

Nýjar kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar haustið 2017.



LÍFIÐ FYRR OG NÚ – STUTT ÍSLANDSSAGA

Bókin er samin með þá nemendur í huga sem ekki ráða við námsefni jafnaldra sinna í Íslandssögu. Texti bókarinnar er stuttur og á léttu máli. Hljóðbók er á vef.




JÓN SIGURÐSSON OG HUGMYNDIR 19. ALDAR

Markmiðið með bókinni er að samþætta persónu- og stjórnmálasögu annars vegar og félags-, hag- og hugarfarssögu hins vegar.



JÓN SIGURÐSSON – KENNSLUHUGMYNDIR, PDF

Tengist að mestu leyti efni um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna.



JÓN SIGURÐSSON – FRÆÐSLUMYND

Myndin fjallar um ævi og störf Jóns Sigurðssonar, dvöl hans í Kaupmannahöfn og áhrif hans á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.



ÁRIÐ 1918

Þemahefti um árið 1918 sem er eftirminnilegt í sögu Íslendinga vegna ýmissa sögulegra atburða s.s. Kötlugoss, frostavetrarins mikla, spönsku veikinnar og þess að Ísland varð fullvalda ríki. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.





SÖGUGÁTTIN – ÞEMAHEFTI

Sögugáttin er safn þemahefta fyrir 7.–10. bekk grunnskóla. Hvert hefti er 32 bls. Fræðandi textar og fjölbreytt verkefni.

FJÖLSKYLDAN Á 20. ÖLD



Sagt er frá fjórum íslenskum fjölskyldum sem voru uppi á ólíkum tímabilum á öldinni og fjallað um það hvernig líf og störf fjölskyldunnar hafa breyst í tímans rás.

FYRSTU SAMFÉLÖG



Sagt frá landnámi vítt og breitt um heiminn. Hvernig búseta safnara og veiðimanna þróaðist. Hvernig þorp og bæir byggðust upp, menningin breyttist og störfum fjölgaði. Fjallað er um Mesópótamíu, Indus, Egyptaland, Kína og Olmeka í Suður-Ameríku.

TÆKNI OG FRAMFARIR



Tækniþróun á Vesturlöndum á 20. öld. Stórfelldar framfarir verða á stuttum tíma svo sem í samgöngum, tækni og læknisfræði. Fjallað er um upphaf geimferða og langvarandi kalt stríð. Gerviefni eru fundin upp og rafmagn leitt inn á hvert heimili. Í lokin er sagt frá byltingu í samskiptum og nýrri tækniþróun sem enginn veit hvernig endar.

VILLTA VESTRIÐ



Fyrstu árin í sögu Bandaríkja Norður-Ameríku. Af hverju var landsvæðið stundum kallað Villta vestrið? Örlög frumbyggja landsins, þróun stjórnarhátta, hvernig tókst fólki af ólíkum uppruna að koma sér fyrir í nýju landi, þrælahald og fleira.

ROKK OG RÓTTÆKNI



Saga ´68 kynslóðarinnar. Það er sagt frá því þegar ungt fólk kom fyrst fram sem samstæður hópur með eigin menningu og baráttumál. Unglingamenningin hófst og kynslóðabilið jókst. Baráttan náði hámarki með stúdentauppreisninni í París árið 1968.

BLESSAÐ STRÍÐIÐ




Blessað stríðið fjallar um það hvernig íslenskt samfélag breyttist á tímum seinni heimsstyrjaldar. Íslendingar kölluðu seinni heimsstyrjöldina stundum blessað stríðið, vegna þeirrar hagsældar sem varð hér á landi á meðan á því stóð og í kjölfar þess. Í þemaheftinu er einnig fjallað um þátt Íslands í stríðinu og helstu breytingar sem gengu yfir íslenskt samfélag.

RÓMANSKA-AMERÍKA



Þemaheftið *Rómanska-Ameríka* fjallar stuttlega um líf fólks í Mið- og Suður-Ameríku frá landnámi, fram til ársins 1500. Stiklað er á stóru um lifnaðarhætti og trúarbrögð þriggja stærstu samfélaganna á svæðinu, Inka, Azteka og Maya. Einnig er hernám Evrópumanna skoðað og áhrif þess á innfædda.

LÝÐRÆÐI OG TÆKNI – SAGA 19. ALDAR



Bókin fjallar um sögu 19. aldar með dálitlum aðdraganda og sögulokum fram á 20. öld. Sagt er frá stjórnarbyltingum Bandaríkjamanna og Frakka, iðnbyltingu, fólksfjölgun, þéttbýlismyndun, framleiðsluaukningu, verkalýðsbaráttu, þjóðernishyggju og þjóðríkjamyndun, heimsvaldastefnu og nýlendupólitík. Rakið er hvernig Íslendingar tóku þátt í þessari þróun, stundum á sérstæðan hátt, fram til stofnunar lýðveldis árið 1944. Gunnar Karlsson þýddi bókina og skrifaði kafla um Íslandssögu í staðinn fyrir sögu Norðmanna í frumútgáfunni.

STYRJALDIR OG KREPPA – SAGA 20. ALDAR I



Bókin *Styrjaldir og kreppa* spannar sögu fyrri hluta 20. aldar, frá því að farþegaskipið Titanic sökk árið 1912 og til loka seinni heimsstyrjaldar 1945. Fjallað er rækilega um heimsstyrjaldirnar tvær, um vöxt verkalýðshreyfingar, byltinguna í Rússlandi og þróun Sovétríkjanna, um velmegun, framfarir og lífsstíl á þriðja áratug aldarinnar, efnahagskreppu á hinum fjórða og valdatöku nasista í Þýskalandi.

FRELSI OG VELFERÐ – SAGA 20. ALDAR II



Bókin *Frelsi og velferð* er framhald bókarinnar *Styrjaldir og kreppa*. Þessar bækur eru þýddar úr norsku og staðfærðar eftir föngum. *Frelsi og velferð* fjallar um tímann frá lokum síðari heimsstyrjaldar fram undir hrunið 2008. Sagt er m.a. frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, kaldastríðsárunum, átökum í Vestur- og Mið-Asíu, sjálfstæði nýlendna, sameiningu Evrópu og Íslandi í veröld nútímans.

SÖGUEYJAN 1



Miðaldasaga á Íslandi frá 870–1520. Einnig til sem rafbók.

SÖGUEYJAN 2



Lokaskeið miðalda og fyrstu aldir nýaldar í sögu Íslands. Einnig til sem rafbók.

SÖGUEYJAN 3



Saga Íslands á 20. öld. Einnig til sem rafbók.

VERKEFNAHEFTI – SÖGUEYJAN 1–3

Fjölbreytt og skapandi verkefni úr öllum þremur kennslubókunum. Um er að ræða verkefni sem kennarar geta notað t.d. í hópvinnu og paravinnu.

Bókaflokknum fylgja kennsluleiðbeiningar og verkefni til útprentunar ásamt hljóðbókunum á vef.

FULLVELDISDAGURINN 1. DESEMBER, PDF

Efni til útprentunar sem hefur verið tekið saman í tilefni fullveldisdagsins 1. desember.



FJALLKONAN – FRÆÐSLUMYND

Nælur fundust í urð við læk ekki langt frá Vestdalsvatni ofan við Seyðisfjörð sumarið 2004. Í framhaldi af því var staðurinn rannsakaður og fundust þá líkamsleifar konu sem taldar eru vera frá tíundu öld.



SAGA ÍSLANDS – FRÆÐSLUMYND

Hér er rakin saga Íslands í hnotskurn, allt frá því landið var numið til okkar daga.



ÍSLENSKA ULLIN – FRÆÐSLUMYND

Fræðslumyndin um íslensku ullina fjallar um helstu eiginleika hennar, meðferð, vinnslu og fjölbreytt notagildi hennar í fortíð og nútíð.




SAGA 20. ALDAR – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR

Flokkur átta mynda sem taka fyrir sögu 20. aldar á Íslandi á árunum 1900–2000.



BRAGGABÚAR 1, 2 OG 3 – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR

Rakin saga braggabyggðarinnar í Reykjavík á árunum 1940–1970 í þremur fræðslumyndum.



TYRKJARÁNIÐ – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR

Sagan er sögð með fjölbreyttum hætti – með samtímalist, íslenskri og erlendri; frásögnum heimamanna, tölvugrafík og barnateikningum. Tónlistin er að mestu leyti sótt í gamlan arf en með nútímasniði. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



1. þáttur – Náðarkjör, 2. þáttur – Fegurð þjáningarinnar, 3. þáttur – Morðengill

FERÐALOK

Ferðalok eru sex heimildarþættir um Íslendinga sögurnar og sannleiksgildi þeirra frá sjónarhóli fornleifafræði og bókmennta. Markmiðið með þáttunum er að gera fornsögurnar sýnilegri nemendum á fræðilegan og skemmtilegan hátt og kanna jafnframt sannleiksgildi ýmissa sagna.



ÍSLAND, VERÖLD TIL AÐ NJÓTA

Fjallað er um umhverfi og auðlindir og landshluta Íslands. Vinnubók fylgir efninu og hún er einnig til útprentunar á vef ásamt kennsluleiðbeiningum og hljóðbók.



KORTAVEFSJÁ AF ÍSLANDI

Upplýsingar um ár, eyjar, fjöll, fossa, jökla, vötn, þéttbýli og þjóðgarða ásamt myndum. Vefurinn var uppfærður 2014 og bætt inn 150 stöðum á landinu.



VEFRALLÝ UM ÍSLAND, PDF

Verkefni til útprentunar þar sem nemendur vinna verkefni m.a. í tengslum við vefinn *Kortavefsjá af Íslandi* og bókina *Ísland, veröld til að njóta* með hjálp netsins.




ÍSLAND, LANDIÐ OKKAR

Bókin er einkum ætluð nemendum sem ekki geta notað almennt námsefni í landafræði. Kennarabók fylgir.



LANDSHORNA Á MILLI – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR

Landshorna á milli – Norðurland, – Reykjavík og nágrenni, – Vesturland og Vestfirðir, – Austurland og Suðausturland, – Óbyggðir, – Suðvesturland.




SURTSEY – EYJAN SVARTA

Við sjáum eyjuna verða til og rætt er við vísindamenn sem fylgdust með gosinu og hafa fylgst með þróun eyjarinnar.




GOSIÐ OG UPPBYGGINGIN Í VESTMANNAEYJUM

Mynd um eldgosið, björgunarstarf, uppbygginguna, hreinsun og lagfæringu húsa.




NORÐURLÖND

Umfjöllun um Norðurlöndin og hvað einkennir löndin að Íslandi undanskildu. Vinnubók fylgir efninu og er hún einnig til útprentunar á vef, ásamt kennsluleiðbeiningum og hljóðbók. Bókin er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók.



VEFRALLÝ UM NORÐURLÖND – PDF

Verkefni sem tengjast bókinni *Norðurlönd*. Í þessum verkefnum er ætlast til að nemendur leiti sér upplýsinga á netinu og merki inn á kort og þurfa þeir því að hafa aðgang að tölvu. Forritið Google Earth þarf að vera uppsett á tölvunni sem notuð er við verkefnavinnuna.



EVRÓPA

Í bókinni er fjallað um ýmsa þætti sem snerta álfuna í heild. Vinnubók fylgir efninu og er hún einnig til útprentunar á vef, ásamt kennsluleiðbeiningum og hljóðbók. Bókin er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók.



UM VÍÐA VERÖLD – LANDAFRÆÐI FYRIR UNGLINGASTIG

UM VÍÐA VERÖLD – JÖRÐIN

Fjallað er um þau náttúruöfl sem móta jörðina og hvernig maðurinn hefur leitast við að kortleggja heiminn og skipuleggja umhverfi sitt. Auðlindir jarðar og nýting þeirra í nútíð og framtíð fá góða umfjöllun. Kennsluleiðbeiningar og hljóðbók eru á vef. Bókin er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók.



UM VÍÐA VERÖLD – HEIMSÁLFUR

Bókin skiptist í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er fjallað um efnahagslega og félagslega þróun ólíkra svæða heimsins og það hvernig maðurinn byggir og nýtir jörðina. Því næst er fjallað um heimsálfurnar, einkenni þeirra, náttúrufar og landshætti. Í þriðja hlutanum er fjallað um auðlindirnar í hafinu. Kennsluleiðbeiningar og hljóðbók eru á vef. Bókin er einnig gefin út sem gagnvirk rafbók.



LÖND HEIMSINS

Á vefnum er gagnagrunnur sem hefur að geyma upplýsingar um marga ólíka þætti sem tengjast sérhverju landi sem er fjallað um á vefnum. Einnig eru landakort sem hægt er að stækka.



HEIMSREISA



Tilgangurinn með vefnum er að gera *Google Earth* að öflugu náms- og kennsluverkfæri. Verkefnin eru sniðin að nemendum og miða að því að auka hæfni þeirra í notkun vefjarins hvort heldur er í skólum eða utan þeirra. Forritið býður upp á rafræn og gagnvirk vinnubrögð í landafræði.

VERÐUR HEIMURINN BETRI






Í bókinni er tekinn saman fróðleikur og staðtölur sem máli skipta, um leið og leitast er við að kynna þróunarmál í heiminum á auðskilinn og yfirgripsmikinn hátt.

Í þessari bók er stuðst við nýjar staðtölur til að lýsa þróun heimsins undanfarna áratugi. Í bókinni er einnig lýsing á nýju Heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun en þau gilda frá og með árinu 2016. Ný þróunaráætlun markar leið til sjálfbærrar framtíðar bæði fyrir jörðina og íbúa hennar til ársins 2030.

Þessi bók er tekin saman að frumkvæði Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP. UNDP starfar í 177 löndum og er hnattrænt tengslanet um þróun lífskjara.

AUSTUR-GRÆNLAND, Á ÍSNUM – FRÆÐSLUMYND



Myndin er tekin síðla vetrar í nyrstu byggðum á austurströnd Grænlands við Scoresby-sund.

AUSTUR-GRÆNLAND, FÓLK Á FERÐ – FRÆÐSLUMYND

Í myndinni er fjallað um rannsóknir mannfræðinga á Austur-Grænlandi.

GÍNEA-BISSÁ – LANDIÐ SEM GLEYMDIST – FRÆÐSLUMYND

Mynd um þróunarstarf sem UNICEF á Íslandi hefur unnið í Gíneu-Bissá.

EIN JÖRÐ – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR

Ein jörð – Indland, Tyrkland, Taíland, Eystrasaltslöndin.

RÍKI HEIMS – FRÆÐSLUMYNDAFLOKKUR



Ríki heims – Kína, efnahagslegt heimsveldi,
Indland, risinn í austri, Suður-Ameríka,
Japan, 21. öldin, Brasilía, nýtt heimsveldi,
Afríka sunnan Sahara, Amason, glötuð paradís,
Indónesía, land í Suðaustur-Asíu og Suður-Asía, fólk og staðir.

Kennsluleiðbeiningar með myndunum eru á vef.

Á FERÐ UM SAMFÉLAGIÐ – ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI

Á ferð um samfélagið er kennslubók í þjóðfélagsfræði fyrir unglingastig grunnskóla sem rafbók og prentuð.

Bókin fjallar um íslenskt nútímasamfélag annars vegar í samanburði við lífið hér á landi á 19. öld og hins vegar samfélag Yanómama-frumbyggja í regnskógum Amazon. *Á ferð um samfélagið* skiptist í ellefu sjálfstæða kafla og í henni eru fjölmargar myndir og töflur sem skýra efnið enn frekar. Fjölbreytt verkefni eru í lok hvers kafla.

Kennsluleiðbeiningar eru á vef.




ÍSLENSKT ÞJÓÐFÉLAG – FRÆÐSLUMYND

Fræðslumynd þessi er gefin út í tengslum við námsefnið *Þjóðfélgsfræði* fyrir 10. bekk grunnskólans. Brugðið er upp svipmyndum af íslensku samfélagi, stjórnskipulagi þess, atvinnuháttum og dómskerfi. Leitast er við að varpa ljósi á það hvernig lög verða til, hvaða stofnanir og verkefni eru í höndum ríkisins og hvað heyrir undir sveitarfélögin. Einnig hvaða áhrif hver einstaklingur í lýðræðissamfélagi getur haft.



FRÓÐLEIKUR – NÁMSSPIL

Fróðleikur er spil fyrir nemendur grunnskóla. Spilið byggir á námsefni Menntamálastofnunar og almennri þekkingu. Spilið er í þremur þyngdarstigum. Tvö leikborð fylgja spilinu.




SPOR 1–4

Fjögur stutt hefti þar sem áhersla er einkum á samskiptahæfni og tilfinningaþroska út frá fjölgreindakenningunni. Kennsluleiðbeiningar fylgja í vefútgáfu.



SNERTING, JÓGA OG SLÖKUN

Bókin er hugsuð sem tækifæri til að nota snertingu, jóga- og slökunaræfingar á markvissan hátt í skólastarfi. Með því má stuðla að vellíðan nemenda og friðsæld og ró í umhverfi þeirra.




HEIMURINN MINN

Meginmarkmið með þessum vef er að auka þekkingu nemenda á umhverfismálum og að þeir fái jákvætt viðhorf til umhverfisins. Enn fremur að þeir fái tækifæri til að leita eigin lausna og vinna raunhæf verkefni um umhverfismál.



AÐGÁT Í UMFERÐINNI OG GÓÐA FERÐ

Umferðarfræðsla fyrir yngstu nemendur grunnskólans. Nemendur leysa flest verkefni þannig að þeir skrifa úrlausnir í bókina.





SAMVERA

Þjálfun í samskiptahæfni þar sem m.a. eru notaðar klípusögur. Á vef fylgir handbók fyrir foreldra og kennara auk kennsluleiðbeininga. Fjögur nemendahefti: *Ræðum saman heima, Verum vinir, Verum saman í frímínútum, Vinnum saman í skólastofunni.*









ÉG, ÞÚ OG VIÐ ÖLL – SÖGUR OG STAÐREYNDIR UM JAFNRÉTTI

Í þessari bók er boðið upp á eins konar ferðalag til þess að kynnast ýmsum hliðum jafnréttis, svo sem kynjajafnrétti, jafnrétti óháð kynhneigð, milli fatlaðra og ófatlaðra, milli fólks með ólíkan húðlit, tungumál og uppruna. Bókin hentar nemendum í 6. og 7. bekk á miðstigi og jafnvel 8. bekk á unglingastigi.



LITLI-KOMPÁS – UM MANNRÉTTINDAMENNTUN FYRIR BÖRN

Bókin nýtist kennurum og öðrum sem vinna með börnum. Í handbókinni er fjallað um lykilhugtök á sviði mannréttinda og réttinda barna. Kjarni bókarinnar er 40 fjölbreytt verkefni sem byggjast á virkum kennsluaðferðum og er ætlað að hvetja og örva áhuga og vitund barna um mannréttindi í eigin umhverfi. Bókin er einnig til á vef.



HUGRÚN – SÖGUR OG SAMRÆÐUÆFINGAR

Bókin er ætluð til heimspekilegrar samræðu með börnum. Með bókinni fæst vinnubók.



68 HEIMSPEKIÆFINGAR

Í bókinni eru 68 fjölbreyttar æfingar í heimspeki. Þær má nota í allflestum námsgreinum til þess að spyrja, hugsa og rökræða. Æfingarnar eru í níu efnisflokkum.



Á FERÐ OG FLUGI Í UMFERÐINNI

Vinnubók í umferðarfræðslu fyrir miðstig grunnskóla. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



ALLIR SPENNTIR

Fjölnota verkefnahefti í umferðarfræðslu fyrir unglingastig. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



ERTU?

Vinnuhefti fyrir mið- eða unglingastigi. Fjallað er um sjálfsmynd með sjálfsstyrkingu í huga, tilfinningar, samskipti og svo stuttlega um samfélagið. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



LÝÐRÆÐI

UPPVÖXTUR Í LÝÐRÆÐI – RAFBÓK

Handbókin er ætluð kennurum sem vilja flétta menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar inn í kennslu. Í bókinni eru kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi.



LIFAÐ Í LÝÐRÆÐI – RAFBÓK

Í ritinu *Lifað í lýðræði* – MLB/MRM kennsluáætlanir fyrir efri bekki grunnskóla eru níu kaflar þar sem fjallað er um:

Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (skammst. MLB) og mannréttindamenntun (skammst. MRM).

Sett er fram tillaga um fyrirkomulag hverrar kennslustundar og kennsluferlinu lýst eins ítarlega og unnt er.



ÞÁTTTAKA Í LÝÐRÆÐI – RAFBÓK

Í bókinni *Þátttaka í lýðræði* eru kennsluáætlanir um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun (MLB og MRM) fyrir framhaldsskólastig.



VERUM VIRK – FÉLAGSSTARF, FUNDIR OG FRAMKOMA

Fróðleikur og hagnýt verkefni um ýmislegt sem snýr að þátttöku í félagsmálum, fundarsköpum og framkomu. Verkefnum í lok hvers kafla er ætlað að gæða efnið lífi og setja það í samhengi við reynsluheim ungs fólks.



VINIR Í NÝJU LANDI – LÍFSSÖGUR UNGRA INNFLYTJENDA

Bók um unga innflytjendur á Íslandi. Ungt fólk lýsir reynslu sinni af að flytja til Íslands. Þau gefa raunsanna mynd af upplifun sinni og líðan og lýsa þeim áskorunum sem mættu þeim við að setjast að í nýju landi.





MARGT ER UM AÐ VELJA, PDF

Námsefni á vef í náms- og starfsfræðslu fyrir efstu bekki grunnskóla.



STEFNAN SETT! UM NÁMS- OG STARFSVAL

Efni tengt náms- og starfsvali fyrir unglingastig grunnskóla. Námsefnið skiptist í möppu með nemendaspjöldum sem er hugsuð til að nemendur geti safnað í hana fjölbreyttum gögnum sem þeir afla sér með námi sínu í náms- og starfsfræðslu, kennsluleiðbeiningar og verkefni ásamt gagnvirkri áhugasviðskönnun á vef.





AURARÁÐ – VINNUHEFTI UM FJÁRMÁL

Einnota vinnuhefti um helstu atriði í sambandi við fjármál einstaklinga. Má þar nefna skatta, greiðslukort, lántökur, vanskil, lífeyrissjóði og fleira.





FJÁRMÁLALÆSI – FJÁRMÁL EINSTAKLINGA

Kennsluefni í fjármálafræðslu. Efnið byggist upp á spili sem á að auðvelda nemendum að átta sig á helstu hugtökum sem tengjast fjármálum. Spilið kallast *Splæs* og í því eru 32 spil sem prenta þarf út og klippa niður.




NÁÐU TÖKUM Á NÁMINU – NÁMSTÆKNI

Stutt og hnitmiðuð bók um lykilatriði í námstækni. Kjörinn stuðningur fyrir nemendur við lok miðstigs og á unglingastigi.




NÁMSTÆKNI FYRIR EFSTU BEKKI GRUNNSKÓLA

Markmið efnisins eru að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi, stuðla að því að þeir taki námsvenjur sínar til athugunar og setji sér raunhæf markmið í námi. Hagnýt verkefni fylgja. Efnið er á pdf-sniði til útprentunar.



SAMAN Í SÁTT

Handbók sem fjallar um leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum. Hér eru ýmis hagnýt ráð og ábendingar. Spurningalistinn Skólabragur er einnig á vef.




KOMPÁS – UM MANNRÉTTINDAFRÆÐSLU FYRIR UNGT FÓLK

Bókin hefur að geyma hugmyndir og hagnýt verkefni sem ætlað er að virkja og vekja vitund ungs fólks um mannréttindi. Hún spannar vítt svið mannréttinda. Bókin er aðeins til á vef.



LAGT Í VÖRÐUNA

Kennsluhugmyndir til að nota í þverfaglegu samstarfi kennara og skólahjúkrunarfræðings í þeim tilgangi að efla andlegan styrk nemenda og auka vellíðan.



ALLIR EIGA RÉTT

Kennsluefni um mannréttindi. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar með verkefnum þar sem lögð er áhersla á virkar kennsluaðferðir. Gefið út í samvinnu við UNICEF á Íslandi.



BARNASÁTTMÁLINN

Á vefnum www.barnasattmali.is er m.a. að finna gagnvirk verkefni og kennsluhugmyndir. Gefið út í samstarfi við Barnaheill, umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi.



LÍFSLEIKURINN

Gagnvirkur leikur þar sem leikmaður þarf að glíma við ýmsar siðferðilegar aðstæður sem upp koma á lífsleiðinni.



BORGARAVITUND OG LÝÐRÆÐI

Vefur með kennsluhugmyndum sem hefur það meginmarkmið að vekja til umhugsunar um hvernig unnt sé að stuðla að borgaravitund, lýðræði og lýðræðislegri þátttöku í skóla- og félagsstarfi með börnum og ungmennum.



FRÆÐSLUMYNDIR

HJÓLUM OG NJÓTUM! HJÓLUM MEIRA OG NJÓTUM! – FRÆÐSLUMYNDIR

Fræðslumyndir um hjólreiðar fyrir yngsta og miðstig grunnskóla. Í myndunum er fjallað um hjólreiðar sem heilsusamlegan og vistvænan ferðamáta og leiðbeint um ýmis atriði í sambandi við öryggi hjólandi vegfarenda í umferðinni. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.





ELSKU BARNIÐ MITT

Fræðslumynd um líf og störf barna og ungs fólks með Downs-heilkenni á Íslandi. Bæklingur með nánari upplýsingum og kennsluhugmyndum er á vef.



KATLA GAMLA

Leikin mynd um einelti og fyrirgefningu. Kennsluhugmyndir eru á vef.



VEGURINN HEIM

Heimildarmynd um fjölmenningu á Íslandi, byggð á viðtölum við börn innflytjenda. Í myndinni ræða börnin líf sitt og tilveru hér á landi og lýsa upplifun sinni af því að vera á mörkum ólíkra menningarheima. Kennsluleiðbeiningar eru á vef.



MÝSLA SÝSLAR

MÝSLA SÝSLAR Á SKÓLASAFNI

Námsefni fyrir skólasöfn, ætlað nemendum á yngsta stigi.

MEIRA SÝSLAÐ Á SKÓLASAFNI

Námsefni fyrir skólasöfn, sjálfstætt framhald af Mýsla sýslar. Nemendum er kennd upprðun skáldrita og þeir læra að gera greinarmun á fræðiritum og skáldritum.

Námsefnið skiptist í sögu sem hægt er að lesa/prenta af vef og verkefnabók.



SKAPANDI SKÓLI – HANDBÓK UM SKAPANDI SKÓLASTARF

Í þessari handbók er að finna hagnýtar upplýsingar um fjölbreytta og skapandi kennslu fyrir kennara á öllum stigum grunnskóla. Fjallað er um nokkrar kennsluaðferðir, bent á margvísleg verkefni og verkfæri sem nýtast á sviði upplýsingatækni og stafrænnar miðlunar. Bókin er líka á rafrænu formi. Á vef sem er í vinnslu verður ítarlegri umfjöllun um efni hennar.



UPPLÝSINGATÆKNI – VEFTORG

Markmið veftorgsins *Upplýsingatækni* er að sameina allt útgefið námsefni MMS í upplýsingatækni á einum stað. Vefurinn inniheldur fjölbreytt verkefni ásamt kennsluleiðbeiningum og kennslumyndbönd um. Veftorgið inniheldur m.a. námsefni í forritun, fingrasetningu, tölvuöryggi, myndvinnslu og ritvinnslu.













FINGRAFIMI OG FINGRAFIMI 2

Fingrafimi er vefur sem kennir fingrasetningu. Í hverri æfingu eru sex til fimmtán verkefni. Nemendur eru minntir á rétta líkamsstöðu og að horfa ekki á lyklaborðið. Leiðbeiningar með öllum verkefnum eru lesnar upp. Á vefnum eru kennsluleiðbeiningar og eins er hægt að prenta út skráningarblöð fyrir nemendur.

Uppfærsla á *Fingrafimi* er væntanleg haustið 2017.





VEGGSPJÖLD FYRIR TÖLVUSTOFU – 5 STK.

Fimm veggspjöld fyrir tölvustofu.
Lærðu á lyklaborð
Vinnustellingar við tölvuna
Tölvuhlutar
Táknmyndir
Gagnageymslur



VISKUVEITAN

Á vefnum *Viskuveitan* eru samþætt verkefni fyrir 1.–10. bekk grunnskóla. Nemendur leita upplýsinga, afla heimilda og vinna fjölbreytt verkefni sem tengja saman upplýsingatækni, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og ensku.



MARGMIÐLUN – STAFRÆN MIÐLUN

Á vefnum eru kennsluleiðbeiningar og stutt myndbönd sem kenna kvikmyndagerð, stafræna myndvinnslu og forritun.



HANDBÆKUR SEM ÆTLAÐAR ERU TIL ÍÞRÓTTAKENNSLU

BOLTALEIKIR

Í bókinni er fjölbreytt úrval boltaleikja fyrir 5.–10. bekk.

FRJÁLSÍÞRÓTTIR – ÆFINGAR OG LEIKIR

Bókinni er skipt í þrjá kafla. Fyrsti kaflinn er um hlaup, næsti um stökk og þriðji kaflinn um köst.

GLÍMA – ÞJÓÐARÍÞRÓTT ÍSLENDINGA

Fyrsta bókin sem er gefin út sem kennsluefni fyrir grunnskóla í glímu.

GÓLF- OG ÁHALDAÆFINGAR

Bókinni er skipt í sjö kafla: upphitunaræfingar, styrktaræfingar, æfingar í rimlum, gólfæfingar, æfingar í hringjum, köðlum, á bita og stökk yfir kubb, kistu eða hest með stórum höldum.

LEIKIR

Úrval fjölbreyttra leikja sem henta í kennslu nemenda á mismunandi aldri. Áhersla er lögð á alhliða þroska nemenda og að þeir séu virkir stærstan hluta kennslustundar.


ÆFINGAR OG LEIKIR MEÐ LITLUM ÁHÖLDUM

Safn fjölbreyttra æfinga og leikja með ýmsum litlum áhöldum sem ná til flestra þroskaþátta nemenda, þ.e. örva skynstöðvar líkamans, efla hreyfiþroska og sköpunargáfu.



SKÓLAÍÞRÓTTIR 2.–5. BEKKUR – KENNARAHANDBÓK

Handbókinni er ætlað að vera hagnýtur leiðarvísir við íþróttakennslu. Kynning á kennsluefni og uppflettirit.




SKÓLAÍÞRÓTTIR 6.–10. BEKKUR

Greint frá hjálpargögnum, gerð ársáætlunar og áætlun anna. Efnið er flokkað niður eftir bekkjum og árstíma.



SKÓLAÍÞRÓTTIR 6.–10. BEKKUR – KENNSLUGAGNAMAPPA

Gögnin má nota sem leiðbeiningar við hringþjálfun í íþróttasal.




SKÓLASUND – KENNARAHANDBÓK



Þessi handbók er ítarlegur leiðarvísir um sundkennslu í 1.–10. bekk. Ný bók er væntanleg haustið 2015.

HREYFISTUND



Námsefninu *Hreyfistund* er ætlað að stuðla að hreyfingu barna og verða þeim hvatning til að hreyfa sig reglulega á fullorðinsárum.


LÍF OG LEIKUR



Líf og leikur – samþætting námsgreina. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og heilbrigðra lífshátta og nýti námið í daglegu lífi.

HREYFISPILIÐ

Hreyfispilið – Spilaborð og kennsluleiðbeiningar



Spilaborðin eru gefin út í tveimur stærðum A3 og A2, hugsað fyrir borð og gólf.

Með spilinu fylgja stuttar kennsluleiðbeiningar og 15 æfingaspjöld þar sem hver æfing í *Hreyfispilinu* er útskýrð á einfaldan hátt.

Gott er að prenta út æfingaspjöldin og fara yfir hverja æfingu áður en spilið er spilað. Þannig er hægt að skoða hvort leikmenn þekki æfingarnar og einnig er gengið úr skugga um að æfingarnar séu rétt gerðar. Það er tilvalið að nota æfingaspjöldin til að brjóta upp kennslustund eða daginn. Þá eru þau prentuð út og klippt niður. Gott er að prenta spjöldin eða líma á þykkan pappír þannig að æfingarnar sjáist ekki í gegnum spjöldin.

LEIKGLEÐI –50 LEIKIR



Leikgleði inniheldur 50 leiki og er markmið þeirra að efla skynþroska barna, auka samvinnu þeirra og félagsfærni. Þegar veður leyfir er gaman að fara í leikina utan dyra en þar fá þau meira áreiti fyrir öll skynfærin en innan dyra. Leikirnir skiptast í þrennt; námsleiki, samvinnuleiki og hreystileiki. Bókin er sett upp sem rafbók og má prenta hana út í heild eða einstaka leiki.

Menntamálastofnun dreifir og selur próf til fagaðila og annarra sem hafa aflað sér réttinda til að leggja þau fyrir.

Aðgengileg matstæki á vegum Menntamálastofnunar:

- *Læsi er á læstu svæði kennara án endurgjalds.*
- *Orðarún er á læstu svæði kennara án endurgjalds.*
- *Lesferill er í Skólagátt.*
- *HLJÓM 2 er til dreifingar án endurgjalds.*

Önnur próf er hægt að panta og greiða í vefverslun Menntamálastofnunar. Stofnunin sendir ekki út reikninga vegna kaupa á prófum.

- *ADI-R – Einhverfa*
- *Hljóðfærni*
- *SCQ – Spurningalisti um félagsleg samskipti*
- *SDS – Í leit að starfi*
- *SFA – Skólafærni*
- *SRS – Spurningalisti um félagslega svörunarhæfni*
- *WASI IS*
- *WISC-IV*

KYNNINGARSKRÁ

Kynningarskrá Menntamála-
stofnunar hefur að geyma
yfirlit yfir námsefni sem
stofnunin gefur út.

2017

MENNTAMÁLASTOFNUN

7109

ISBN 978-9979-0-2149-0